

SPILAHEGÐUN OG ALGENGI  
SPILAVANDA MEÐAL FULLORÐINNA  
ÍSLENDINGA ÁRIÐ 2007



# SPILAHEGÐUN OG ALGENGI SPILAVANDA MEÐAL FULLORÐINNA ÍSLENDINGA ÁRIÐ 2007

Skýrsla unnin fyrir  
dóms- og kirkjumálaráðuneytið

Höfundur: Dr. Daníel Þór Ólason  
lektor við sálfræðideild Háskóla Íslands

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið*

*júní 2008*

ISBN 978-9979-884-41-5

# Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b>	<b>7</b>
<b>Samantekt á meginniðurstöðum rannsóknar</b>	<b>8</b>
Framkvæmd rannsóknar	8
Spilahegðun	8
Algengi spilavanda	10
Lokaorð	12
<b>1. Inngangur</b>	<b>13</b>
1.1 Niðurstöður erlendra rannsókna á algengi spilafíknar	13
1.2 Niðurstöður íslenskra rannsókna á algengi spilafíknar	14
1.3 Markmið rannsóknar	15
<b>2. Aðferð</b>	<b>16</b>
2.1 Gagnaöflun	16
2.2 Svarhlutfall	16
2.3 Mælitæki	18
2.3.1 Tegundir peningaspila	18
2.3.2 Spilafíkn	18
2.4 Úrvinnsla	19
2.4.1 Tölfræði	20
<b>3. Niðurstöður</b>	<b>21</b>
3.1 Þátttaka í peningaspilum	21
3.2 Tíðni þátttöku eftir mismunandi tegundum peningaspila	24
3.3 Ítarlegri greining á þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila	25
3.3.1 Lottó	26
3.3.2 Flokkahappdrætti	27
3.3.3 Skafmiðar	27
3.3.4 Skafmiðar á erlendum vefsíðum	28
3.3.5 Spilakassar	28
3.3.6 Þátttaka í spilakössum á erlendum vefsíðum	29
3.3.7 Lagt undir í spilum	29
3.3.7.1 Póker með spilum	30
3.3.7.2 Netpóker	30
3.3.7.3 Bridge, vist eða önnur borðspil	31
3.3.8 Getraunir (1x2)	31
3.3.8.1 Getraunaseðlar keyptir á almennum sölustöðum	31
3.3.8.2 Getraunaseðlar keyptir á heimasíðu Íslenskra getrauna	32
3.3.9 Lengjan	32
3.3.9.1 Getraunaseðlar í Lengjunni keyptir á almennum sölustöðum	33

3.3.9.2	Getraunaseðlar í Lengjunni keyptir á heimasíðu Íslenskra getrauna	33
3.3.10	Tippað í beinni á Netinu	34
3.3.11	Veðjað á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum	34
3.3.12	Bingó	34
3.3.13	Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt	35
3.3.14	Leynileg spilavíti	35
3.3.15	Önnur peningaspil á erlendum vefsíðum (t.d. 21, rúlletta o.s.frv.)	35
3.4	Heiti vefsíðna sem svarendum datt fyrst í hug	36
3.5	Mat á hagnaði eða tapi í peningaspilum	36
3.5.1	Hagnaður á þátttöku í peningaspilum undanfarna 12 mánuði	37
3.5.2	Tap á þátttöku í peningaspilum undanfarna 12 mánuði	38
3.6	Hvaða peningaspil er í mestu uppáhaldi hjá þér?	38
3.7	Hvaða peningaspil, ef eitthvað, veldur þér helst vanlíðan, t.d. kvíða, depurð eða streitu?	39
3.8	Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum	39
3.9	Mat á ánetjunarhættu peningaspila	40
3.10	Spilafíkn	41
3.10.1	Algengi spilafíknar árið 2007	41
3.10.2	Tengsl greiningarhópa spilavanda og þátttöku í peningaspilum	44
3.10.3	Sérstök tengsl baksviðspátta og þátttöku í peningaspilum við spilavanda	46
3.10.4	Tengsl spilavanda við eyðslu í peningaspil undanfarna 12 mánuði	47
3.10.5	Tengsl greiningarflokka spilavanda og ástæðna fyrir þátttöku í peningaspilum	49
3.10.6	Tengsl greiningarflokka spilavanda við ýmsar spurningar	50
3.10.7	Spilavandi hjá fjölskyldu, vinum eða vinnufélögum	50
<b>4.</b>	<b>Samanburður á niðurstöðum kannana árin 2005 og 2007</b>	<b>52</b>
4.1	Heildarþátttaka í peningaspilum árin 2005 og 2007	52
4.2	Þátttaka í mismunandi tegundum peningaspila árin 2005 og 2007	53
4.3	Samanburður á greiningarhópum spilavanda	54
4.4	Samantekt	56
<b>5.</b>	<b>Heimildaskrá</b>	<b>57</b>
<b>6.</b>	<b>Viðauki 1: Tölur</b>	<b>60</b>
<b>7.</b>	<b>Viðauki 2: Spurningalisti</b>	<b>66</b>

## Töfluskrá

<b>Tafla A.</b>	Algengi spilafíknar í mismunandi löndum	11
<b>Tafla 1.</b>	Svarhlutfall og skipting brottfalls	16
<b>Tafla 2.</b>	Fjöldatölur fyrir þýði og úrtak skipt eftir baksviðspáttum	17
<b>Tafla 3.</b>	Heildarþátttaka í peningaspilum	21
<b>Tafla 4.</b>	Heildarþátttaka í peningaspilum undanfarna 12 mánuði eftir baksviðsbreytum	23
<b>Tafla 5.</b>	Tíðni þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila á Íslandi	24
<b>Tafla 6.</b>	Tíðni þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila á erlendum vefsíðum	25
<b>Tafla 7.</b>	Meðaleyðsla í Lottó	27
<b>Tafla 8.</b>	Tíðni þátttöku í spilakössum eftir staðsetningu	29
<b>Tafla 9.</b>	Algengar vefsíður	36
<b>Tafla 10.</b>	Greining spilafíknar fyrir allt úrtakið samkvæmt PGSI	42
<b>Tafla 11.</b>	Greining spilafíknar á meðal þeirra sem spiluðu peningaspil undanfarna 12 mánuði samkvæmt PGSI	42
<b>Tafla 12.</b>	Algengi spilavanda eftir baksviðsbreytum	43
<b>Tafla 13.</b>	Þátttaka í peningaspilum eftir greiningarhópum spilavanda	45
<b>Tafla 14.</b>	Tengsl baksviðsbreyta og þátttöku í peningaspilum við spilavanda	46
<b>Tafla 15.</b>	Upphæðir sem fólk segist hafa tapað eða unnið í peningaspilum eftir spilavandahópum	48
<b>Tafla 16.</b>	Meðaleyðsla í peningaspil eftir greiningarhópum spilavanda	48
<b>Tafla 17.</b>	Ástæður fyrir að spila peningaspil eftir greiningarflokkum spilavanda	49
<b>Tafla 18.</b>	Tengsl spilavanda við ýmsar spurningar	50
<b>Tafla 19.</b>	Tengsl svarenda við fólk sem það telur eiga við spilavanda að stríða	51
<b>Tafla 20.</b>	Samanburður á heildarþátttöku í peningaspilum fyrir árin 2005 og 2007 eftir kyni	53
<b>Tafla 21.</b>	Samanburður á spilahegðun Íslendinga árin 2005 og 2007	54
<b>Tafla 22.</b>	Samanburður á greiningarhópum spilavanda fyrir árin 2005 og 2007 eftir kyni	55
<b>Viðauki 1: Töflur</b>		60

## Myndaskrá

<b>Mynd 1.</b>	Fjöldi peningaspila á síðustu 12 mánuðum	22
<b>Mynd 2.</b>	Mat þátttakenda á því hvort þeir hafi hagnast eða tapað fé í peningaspilum	37
<b>Mynd 3.</b>	Peningaspil sem nefnd voru sem uppáhaldsspil	38
<b>Mynd 4.</b>	Peningaspil sem nefnd voru sem orsök vanlíðunar hjá þátttakendum	39
<b>Mynd 5.</b>	Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum	40
<b>Mynd 6.</b>	Mat þátttakenda á ánetjunarhættu peningaspila	41
<b>Mynd 7.</b>	Hlutfall spilavandahópa fyrir hagnað eða tap í peningaspilum	47
<b>Mynd 8.</b>	Samanburður á þátttöku í peningaspilum árin 2005 og 2007	52
<b>Mynd 9.</b>	Samanburður á greiningarhópum spilavanda fyrir árin 2005 og 2007	55

## Útdráttur

Könnuð var spilahegðun og algengi spilafíknar meðal fullorðinna Íslendinga árið 2007. Könnunin var gerð í síma og byggðist á tilviljunarúrtaki 5000 Íslendinga á aldrinum 18 til 70 ára úr þjóðskrá. Svör fengust frá 3009 þátttakendum, 1448 körlum og 1561 konu. Svarhlutfall var 63,4%.

Niðurstöður sýna að um 67% fullorðinna Íslendinga spiluðu peningaspil a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum fyrir könnun. Vinsælustu peningaspilin voru Lottó, flokkahappdrætti, skafmiðar og spilakassar. Karlar spila flestar gerðir peningaspila oftar en konur, nema flokkahappdrætti, sem var vinsælla meðal kvenna. Þegar niðurstöður um spilahegðun árið 2007 voru bornar saman við niðurstöður rannsóknar frá 2005 kom í ljós að tiltölulega lítil breyting hefur orðið á spilahegðun Íslendinga á þessum tveimur árum. Helsti munurinn var sá að færri höfðu spilað í Lottó a.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði fyrir könnun árið 2007 en gerðu árið 2005. Hins vegar voru fleiri sem spiluðu reglubundið (einu sinni í viku eða oftar) árið 2007 en 2005. Einnig jókst þátttaka milli ára í peningaspilum á erlendum vefsíðum og í því að leggja fé undir í spilum (t.d. póker), en sú aukning var fyrst og fremst meðal karlmannna.

Algengi hugsanlegrar spilafíknar reyndist 0,3% (öryggismörk: 0,2-0,6%) og er algengi spilafíknar hér á landi svipað og sést í niðurstöðum rannsókna annars staðar á Norðurlöndum og í öðrum Evrópulöndum, en heldur minna en í Norður-Ameríku eða Ástralíu. Einnig var kannað hversu margir Íslendingar eiga í verulegum vandkvæðum vegna þátttöku sinnar í peningaspilum (spilavandi), þó að þeir uppfylli ekki greiningarviðmið um spilafíkn. Um 1,6% þjóðarinnar töldust eiga við spilavanda að stríða og var spilavandi algengari meðal karla (2,4%) en kvenna (0,6%). Gera má ráð fyrir að á bilinu 2.500 til 4.400 Íslendingar á aldrinum 18 til 70 ára eigi í verulegum vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum. Samanburður á niðurstöðum fyrir árin 2005 og 2007 sýndi að engin breyting hefur átt sér stað á algengi spilafíknar eða spilavanda á þessu tímabili.



## Samantekt á meginniðurstöðum rannsóknar

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna spilahegðun og algengi spilafíknar meðal fullorðinna Íslendinga árið 2007. Sérstök áhersla var lögð á að spyrja ítarlega um þátttöku í peningaspilum á Netinu en fáar faraldsfræðilegar rannsóknir hafa kannað netspilun jafn ítarlega og hér var gert. Niðurstöður í tengslum við spilahegðun og algengi spilafíknar voru bornar saman við niðurstöður sambærilegrar rannsóknar sem gerð var á vormánuðum árið 2005 (sjá nánar í Daniel Þór Ólason, Sigríður Karen Bárudóttir og Sigurður J. Grétarsson, 2005; Ólason og Grétarsson, í prentun).

### Framkvæmd rannsóknar

Rannsóknin var gerð á haustmánuðum árið 2007 og var símakönnun en Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um gagnaöflun. Meginstyrkur þessarar rannsóknar er sú staðreynd að hún byggir á stóru ( $n = 5000$ ) slembiúrtaki úr þjóðskrá og var svarhlutfall mjög viðunandi (63,4%). Könnuð voru frávik í dreifingu helstu baksviðsbreyta í úrtaki við dreifingu í þýði og voru frávik óveruleg. Svarhlutfall þessarar rannsóknar (63,4%) var hins vegar nokkuð minna en fékkst árið 2005 (69,8%), en ástæða þess er hugsanlega sú að á þessum tveimur árum (2005-2007) hefur erlendum starfsmönnum sem skráðir eru í þjóðskrá fjölgað umtalsvert. Þetta má sjá meðal annars á því að í þessari rannsókn fundust ekki símanúmer hjá tæplega 14% af úrtaki en árið 2005 fundust ekki símanúmer hjá aðeins tæplega 4% úrtaks. Í næstu faraldsfræðilegu rannsókn þarf því að huga betur að þessu og jafnvel gera ráð fyrir að spurningalisti verði á fleiri en einu tungumáli. Þannig verður mögulegt að bera saman spilahegðun og algengi spilavanda hjá þeim sem eru nýbúar hér á landi og innfæddra. Þetta er mjög mikilvægt þar sem niðurstöður rannsókna bæði í Svíþjóð og Noregi benda til þess að algengi spilafíknar sé hærra hjá nýbúum en innfæddum (Volberg, Abbott, Rönnberg og Munck, 2001; Øren og Bakken, 2007).

### Spilahegðun

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að þátttaka fullorðinna Íslendinga í peningaspilum sé tiltölulega algeng en rúmlega 67% spilaði peningaspil a.m.k. einu sinni á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun. Rúmlega 13% Íslendinga spila peningaspil vikulega og er vikuleg spilamennska algengari meðal karla en kvenna. Vinsælustu peningaspilin eru Lottó, flokkahappdrætti og skafmiðar. Athyglisvert er hversu margir Íslendingar (15%) spila peningaspil á Netinu en langflestir spila á íslenskum vefsíðum þar sem hægt er að spila í Lottó (lotto.is) eða giska á úrslit í fótbolta eða öðrum íþróttum (getraunir.is). Einungis um 1,6% landsmanna hafði spilað á erlendum vefsíðum.

Karlar spila peningaspil í meira mæli en konur en nokkur munur var á milli kynja í vali á spilum. Karlar spila frekar peningaspil þar sem spilarar þurfa að þekkja reglur vel (t.d. póker, billiard) eða giska á úrslit í fótbolta eða öðrum íþróttagreinum. Konur spila frekar peningaspil þar sem niðurstaðan er ávallt tilviljunarkennd, t.d. bingó, Lottó eða flokkahappdrætti. Undantekningin frá þessu eru spilakassar, en karlar spila mun frekar í spilakössum en konur og einnig reyndust karlar vera mun líklegri til þess að leggja fé undir í peningaspilum á Netinu en konur.

Flestir spila peningaspil til að styðja gott málefni, ánægjunnar vegna eða til að græða peninga. Hins vegar þegar fólk var beðið um að leggja mat á hvort það væri að hagnast eða tapa á þátttöku sinni í peningaspilum reyndust flestir telja að þeir annaðhvort töpuðu á þátttöku sinni í peningaspilum (52,3%) eða væru á sléttu (36,6%). Lottó var uppáhaldsspil flestra en meðal þeirra sem tóku afstöðu til hvort eitthvert peningaspil ylli þeim vanlíðan nefndu flestir spilakassa eða póker. Þessar niðurstöður samræmast einnig mati þátttakenda á ánetjunarhættu peningaspila en spilakassar og póker voru þau spil sem skoruðu hæst í mati þátttakenda.

Þegar niðurstöður um spilahegðun árið 2007 voru bornar saman við niðurstöður rannsóknar frá 2005 kom í ljós að almennt séð hefur orðið tiltölulega lítil breyting á spilahegðun Íslendinga. Helsti munurinn var að færri sögðust hafa spilað í Lottó a.m.k. einu sinni árið 2007 en árið 2005, en vikuleg þátttaka í Lottó var þó meiri árið 2007 en 2005. Einnig virtust fleiri karlmenn leggja fé undir í spilum árið 2007 en gerðu árið 2005 og má væntanlega rekja það til aukinna vinsælda pókers á meðal ungra karlmannna. Að lokum er ljóst að þótt þátttaka í peningaspilum á erlendum vefsíðum sé ekki mjög algeng hefur hún aukist töluvert frá árinu 2005. Árið 2005 reyndust aðeins tæplega 0,4% Íslendinga hafa spilað á erlendum vefsíðum en tveimur árum seinna sögðust fjórum sinnum fleiri (1,6%) hafa spilað á erlendum vefsíðum. Netpóker er klárlega vinsælasta gerð peningaspila sem spilað er á erlendum vefsíðum.

Almennt séð eru niðurstöður hér á landi keimlíkar því sem gerist erlendis. Niðurstöður fjölmargra sambærilegra rannsókna í Evrópu, Norður-Ameríku og Ástralíu benda til að um 60-80% fullorðinna spili peningaspil og er Lottó einnig vinsælasta peningaspilið í þessum löndum (Jonsson, 2006; Lund og Nordlund, 2003; National Research Council, 1999; Orford, Sproston, Erens, White og Mitchell, 2003; Productivity Commission, 1999; Raylu og Oei, 2002; Volberg, Abbott, Rönnberg og Munck, 2001; Øren og Bakken, 2007). Hins vegar eru ýmis teikn á lofti sem benda til að Netspilun sé smám saman að aukast í vinsældum hérlendis sem erlendis (sjá yfirlit í grein Kolbrúnar Baldursdóttur, Daníels Þórs Ólasonar o.fl., í prentun).

## Algengi spilavanda

Lögð var fyrir þátttakendur íslensk útgáfa af kanadísku mælitæki er nefnist Problem Gambling Severity Index og metur algengi spilavanda. Niðurstöður sýna að um 0,3% fullorðinna Íslendinga eiga líklega við spilafíkn að stríða og um 1,3% til viðbótar eiga í verulegum vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum. Samanlagt má því ætla að um 1,6% eigi við spilavanda að stríða og með 95% öryggi getum við áætlað að það sé á bilinu 2.500 til 4.400 Íslendingar. Spilavandi er hins vegar mismunandi eftir þjóðfélagshópum en niðurstöður þessarar rannsóknar eru svipaðar erlendum rannsóknum að þessu leyti (sjá t.d. Orford, o.fl., 2003). Flest bendir til að ungum einstæðum körlum með litla menntun og lágur tekjur sé hættara við að ánetjast peningaspilum en öðrum þjóðfélagshópum.

Þessar niðurstöður eru sambærilegar við niðurstöður rannsóknar frá árinu 2005 þar sem sama mælitæki var notað til að meta algengi spilafíknar. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu að 0,5% voru líklegir spilafíklar og reyndist talan fyrir spilavanda vera nákvæmlega sú sama og fékkst í þessari rannsókn eða 1,6%. Greining á tengslum við mismunandi þjóðfélagshópa árið 2005 gaf einnig sömu niðurstöðu og nú. Einstæðir karlar með litla menntun og lágur tekjur voru líklegri til að eiga við spilavanda að stríða en aðrir þjóðfélagshópar (sjá frekar í Daníel Þór Ólason, Sigríður Karen Bárudóttir, 2005; Ólason og Grétarsson, í prentun).

Áhugavert er að bera algengi spilafíknar hér á landi saman við niðurstöður nokkurra nýlegra rannsókna erlendis frá (sjá töflu A). Niðurstöður hér á landi benda til þess að algengi spilafíknar sé áþekk því sem niðurstöður á Norðurlöndum (nema Finnlandi), Bretlandi og Kanada sýna en nokkuð lægri en niðurstöður frá Bandaríkjunum og Finnlandi. Reyndar ber að hafa í huga þegar þessar niðurstöður eru bornar saman að um mismunandi mælitæki er að ræða og því þarf að hafa fyrirvara á samanburði (sjá frekar í Ólason og Grétarsson, í prentun).

**Tafla A.** Algengi spilafíknar í mismunandi löndum

Lönd	Ár	N (svarhlutfall)	Aldur	Mælitæki	Algengi spilafíknar
Svíþjóð (Volberg, o.fl., 2001)	1997	7.139 (72%)	15-74	SOGS-RA	0,6%
Noregur I (Lund og Nordlund, 2003)	2002	5.232 (55%)	15-74	NODS	0,3%
Noregur II (Øren og Bakken, 2007)	2007	3.483 (36%)	16-74	NODS	0,3%
Danmörk (Bonke og Borregaard, 2006)	2005	8.153 (69%)	18-74	NODS	0,1%
Finnland (Tammi, 2007)	2007	5.008 (48%)	≥ 15	SOGS-RA	1,0%
Bretland (Wardle o.fl., 2007)	2007	9.003 (52%)	≥ 16	PGSI	0,5%
Kanada (Cox o.fl., 2005)	2001	24.997 (77%)	≥ 15	PGSI	0,5%
Bandaríkin (Welte o.fl., 2001)	2000	2.638 (65%)	≥ 18	SOGS-RA	1,9%
Ísland (Daniel Þór Ólason o.fl., 2005)	2005	3.358 (70%)	18-70	PGSI	0,5%
Ísland (Daniel Þór Ólason, 2007)	2007	3.009 (63%)	18-70	PGSI	0,3%

Frekari greiningar fyrir spilavanda sýndu að þeir sem eiga við spilavanda að stríða spila oftar og fleiri peningaspil en þeir sem spila vandkvæðalaust. Þegar þátttaka var skoðuð fyrir tegundir peningaspila sérstaklega kom í ljós að munur á þeim sem eiga við spilavanda að stríða og þeim sem spila vandkvæðalaust var mestur hvað varðar spilakassa, póker og netpóker. Í fjölbreytugreiningu þar sem tengsl baksviðsbreyta og spilþátttöku voru könnuð frekar kom einnig í ljós að tengsl spilavanda voru fyrst og fremst við þátttöku í spilakössum og peningaspilum á Netinu (t.d. netpóker). Þessar niðurstöður koma ekki á óvart þar sem niðurstöður annarra rannsókna benda til þess að peningaspil sem byggjast á samfelldri spilamennsku með tiltölulega miklum spilhraða og tíðri endurgjöf vinninga (t.d. spilakassar, póker) séu frekar ánetjandi en önnur peningaspil (Dowling, Smith og Thomas, 2005; Griffiths og Wood, 2004; Ólason og Grétarsson, í prentun). Einnig eru þessar niðurstöður nokkuð samhljóma fyrri niðurstöðum rannsókna hér á landi sem hafa sýnt að spilakassar, póker og þátttaka í peningaspilum á erlendum vefsíðum hafa sterkari tengsl við spilavanda en aðrar gerðir peningaspila, bæði meðal unglunga og fullorðinna (Kolbrún Baldursdóttir, Daniel Þór Ólason o.fl., í prentun; Ólason og Grétarsson, í prentun).

## Lokaorð

Að lokum er því vert að benda á að huga þarf betur að rekstrarumhverfi peningaspila hér á landi. Sérstaklega er ástæða til að skoða betur rekstur spilakassa og leita leiða til að draga úr þeirri ánetjunarhættu sem þeir virðast hafa í för með sér.

Á undanförnum árum hafa fræðimenn einnig bent á að með aukinni tækniþróun við gerð peningaspila og meira aðgengi almennings að háhraðatengingum á Netinu mætti búast við mun meiri þátttöku fullorðinna og unglunga í peningaspilum á Netinu með hugsanlegri aukningu á tíðni spilavanda (Griffiths, 1996; Messerlin, Byrne og Derevensky, 2004; Derevensky og Gupta, 2007). Niðurstöður þessarar könnunar benda til að þessar breytingar séu að eiga sér stað hér á landi þar sem fjórum sinnum fleiri Íslendingar spiluðu peningaspil á erlendum vefsíðum árið 2007 en gerðu árið 2005. Einnig hafa rannsóknir á íslenskum unglingum bent til að töluverð aukning sé á þátttöku unglunga í peningaspilum á Netinu (Kolbrún Baldursdóttir, Daniel Þór Ólason o.fl., í prentun).

Það sem er athyglisvert í þessu samhengi er að hlutfall þeirra sem áttu við spilavanda að stríða í þessari rannsókn var hærra meðal netspilara en flestra annarra gerða peningaspila. Þessar niðurstöður samræmast öðrum innlendum og erlendum niðurstöðum sem sýna sterk tengsl milli spilavanda og þátttöku í peningaspilum á Netinu (Derevensky og Gupta, 2007; Kolbrún Baldursdóttir, Daniel Þór Ólason o.fl., í prentun; Ladd og Petry, 2004; Petry, 2006; Volberg, Nysse-Carris og Gerstein, 2006; Wood og Williams, 2007). Hafa ber þó þann fyrirvara á slíkum niðurstöðum að þær segja ekkert til um orsakasamband. Það kann bæði að vera að peningaspil á Netinu séu sérstaklega ánetjandi eða að þeir sem eiga við spilavanda að stríða séu í auknum mæli að spila peningaspil á Netinu.

Hins vegar er þátttaka almennings í peningaspilum á Netinu, bæði fullorðinna og unglunga, nokkurt áhyggjuefni, sérstaklega í ljósi þess að framboð á vefsíðum er bjóða upp á peningaspil hefur stóraukist á undanförnum árum og flestar lúta engum lögum eða reglum um starfsemi sína (Sévigny, Cloutier, Pelletier og Ladouceur, 2005; Wood og Williams, 2007).

# 1. Inngangur

Spilafíkn má lýsa sem spilahegðun sem hefur í för með sér óæskilegar afleiðingar fyrir þann sem spilar, aðra í nánasta umhverfi hans og fyrir samfélagið. Andleg vanlíðan, þunglyndi, kvíði eða streita eru algengir fylgifyiskar spilafíknar og spilafíklar misnota oft áfengi eða önnur vímuefni. Spilafíkill er iðulega upptekinn af þrálátum þönkum um peningaspil og hugsar um leiðir til þess að spila áfram, gjarnan í þeim tilgangi að endurheimta glatað fé. Það eykur fjárhagslegan skaða þannig að við andlega vanlíðan bætist oft gjaldþrot (American Psychiatric Association, 2000; Raylu og Oei, 2002). Skaðlegar afleiðingar spilafíknar eru því vel þekktar og bitna ekki aðeins á spilafíklinum sjálfum heldur líka fjölskyldu hans og samfélaginu öllu.

## 1.1 Niðurstöður erlendra rannsókna á algengi spilafíknar

Rannsóknir á algengi spilafíknar í Norður-Ameríku á árunum 1977 til 1997 bentu til þess að um eitt prósent fullorðinna Bandaríkjamanna og Kanadabúa ættu við spilafíkn að stríða og um tvö til þrjú prósent til viðbótar ættu við nokkurn vanda að stríða vegna þátttöku sinnar í peningaspilum (National Research Council, 1999; Shaffer o.fl., 1999). Nýlegar rannsóknir í þessum löndum sýna svipaðar niðurstöður (Cox, Yu, Afifi og Ladouceur, 2005; Welte, o.fl., 2001).

Þær tiltölulega fáu rannsóknir sem hafa verið gerðar á algengi spilafíknar meðal fullorðinna Evrópubúa benda til algengis sem er áþekkt eða ívið minna en í Norður-Ameríku (Becona, 1996; Bondolfi, Osiek og Ferrero, 2000; Göttestam og Johansson, 2001; Lund og Nordlund, 2003; Orford, o.fl., 2003; Volberg, o.fl., 2001). Niðurstöður rannsókna frá Noregi og Svíþjóð, sem gerðar voru á árunum 1997 til 2002, bentu til að algengi spilafíknar væri nokkuð minna í þessum löndum en í Norður-Ameríku. Í Svíþjóð reyndust 0,6% þjóðarinnar eiga við spilafíkn að stríða árið 1997 og niðurstöður tveggja norskra rannsókna bentu til þess að algengi spilafíknar meðal fullorðinna þar í landi væri á bilinu 0,2% til 0,3% (Göttestam og Johansson, 2001; Lund og Nordlund, 2003; Volberg, o.fl., 2001). Nýlegar rannsóknir frá Noregi og Danmörku benda ekki til að algengi spilafíknar sé að aukast á Norðurlöndum. Niðurstöður rannsóknar sem gerð var í Danmörku árið 2006 benti til að 0,1% Dana ætti við spilafíkn að stríða og 0,3% til viðbótar ættu í verulegum vandræðum vegna þátttöku sinnar í peningaspilum (Bonke og Borregaard, 2006). Á síðasta ári var gerð umfangsmikil rannsókn (Øren og Bakken, 2007) á algengi spilafíknar meðal 16 til 74 ára íbúa í Noregi. Niðurstöður þeirrar rannsóknar benda eindregið til þess að algengi spilafíknar hafi ekki aukist í Noregi frá árinu 2002. Rannsakendur notuðu sama mælitæki til að meta spilafíkn (NODS) og gert var árið 2002 og niðurstöður sýndu að 0,3% fullorðinna í Noregi ættu við spilafíkn að stríða

og 0,4% til viðbótar ættu í verulegum vandkvæðum vegna þátttöku í peningaspilum (Øren og Bakken, 2007).

## 1.2 Niðurstöður íslenskra rannsókna á algengi spilafiknar

Árið 2000 var algengi spilafiknar á Íslandi kannað fyrir tilstuðlan Íslandsspila (IMG-Gallup, 2000). Úrtakið var 1500 Íslendingar á aldrinum 16 til 75 ára og var svarhlutfall 70%. Niðurstöður bentu til þess að um 0,6% hefðu einhvern tíma ævinnar átt við spilafíkn að stríða og önnur 0,7% hefðu lent í vanda vegna þátttöku í peningaspilum. Við fyrstu sýn benda þessar niðurstöður til þess að algengi spilafiknar hér á landi sé svipað og annars staðar á Norðurlöndum. Þess ber þó að geta að ekki var lagt mat á núverandi algengi spilafiknar (síðustu 12 mánuði fyrir könnun), heldur spurt um lífstíðaralgengi, en slíkt mat gefur ekki rétta mynd af heildarfjölda fólks sem á við spilafíkn að stríða á hverjum tíma. Til dæmis er hugsanlegt að einhver hluti aðspurðra hafi náð tökum á spilavanda sínum áður en könnunin fór fram.

Haustið 2002 hófust rannsóknir á algengi og alvarleika spilafiknar á Íslandi á vegum sálfræðiskorar Háskóla Íslands í samstarfi við Hapdrætti Háskóla Íslands. Markmið rannsóknanna hefur verið að auka þekkingu á algengi og útbreiðslu spilafiknar hérlendis og hefur þegar umtalsverðum gögnum verið safnað um algengi spilavanda bæði meðal íslenskra unglunga og fullorðinna (Daníel Þór Ólason, Sigríður Karen Bárudóttir og Sigurður J. Grétarsson, 2005; Ólason, Sigurðardóttir og Smári, 2006; Ólason, Skarphéðinsson, Jónsdóttir, Mikaelsson og Grétarsson, 2006; Ólason og Grétarsson, í prentun; Kolbrún Baldursdóttir, Daníel Þór Ólason, Sigurður J. Grétarsson, Ágústa Rakel Davíðsdóttir og Ása Margrét Sigurjónsdóttir, í prentun). Almennt benda niðurstöður rannsókna á 13 til 18 ára íslenskum unglungum til þess að algengi spilavanda sé á bilinu 2% til 3% og er spilavandi mun algengari meðal drengja en stúlkna. Ef niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður erlendra rannsókna á unglungum er ljóst að algengi spilavanda er annaðhvort svipað eða nokkuð minna hér á landi en niðurstöður rannsókna frá Evrópu eða Norður-Ameríku sýna (Becona, 1997; Derevensky og Gupta, 2007; Fisher, 1999; Johansson og Götestam, 2003; Moodie og Finnigan, 2006; Rossow og Hansen, 2003; Shaffer og Hall, 1996; Wood og Griffiths, 1998). Einnig er kynjamunur í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna þar sem fleiri drengir en stúlkur greinast með spilavanda (Delfabbro o.fl., 2005; Fisher, 1999; Jacobs, 2000; Rossow og Hansen, 2003).

Lagður var grunnur að núverandi rannsókn árið 2003 þegar erlend mælitæki á spilafíkn fyrir fullorðna voru þýdd og staðfærð í rannsókn á spilavanda meðal íslenskra háskólanema (Daníel Þór Ólason, Herdís Finnbogadóttir, Margrét A. Hauksdóttir og Sigríður Karen Bárudóttir, 2003). Í

Þeirri rannsókn kom m.a. í ljós að núverandi algengi spilafíknar meðal háskólanema var 0,3% og einnig áttu að auki 1,9% aðspurðra við nokkurn spilavanda að stríða.

Árið 2005 var síðan gerð faraldsfræðileg rannsókn á algengi spilafíknar meðal fullorðinna Íslendinga á aldrinum 18 til 70 ára. Tekið var slembiúrtak 5000 Íslendinga og svöruðu 3.511 manns (svarhlutfall = 69,8%). Notaðar voru íslenskar útgáfur tveggja mælitækja til að meta algengi spilafíknar meðal þjóðarinnar. Annað mælitækið nefnist Diagnostic Interview for Gambling Severity (DIGS; Stinchfield, 2002a; 2003) og byggir á greiningarviðmiðum um spilafíkn samkvæmt greiningarkerfi amerískra geðlækna um geðsjúkdóma (Diagnostic and Statistical Manual for Mental Disorders - American Psychiatric Association, 2000). Hitt mælitækið nefnist Problem gambling severity index (PGSI-Ferris og Wynne, 2001), hannað í Kanada til mælinga á spilavanda í faraldsfræðilegum rannsóknum. Niðurstöður sýndu að algengi spilafíknar var nánast það sama fyrir bæði mælitækin eða á bilinu 0,5% (PGSI) til 0,6% (DIGS). Samkvæmt niðurstöðum DIGS áttu að auki um 0,5% við verulegan vanda að stríða vegna þátttöku sinnar í peningaspilum en aðeins hærri tala fékkst með PGSI eða 1,1% (Daníel Þór Ólason, Sigríður Karen Bárudóttir og Sigurður J. Grétarsson, 2005; Ólason og Grétarsson, í prentun). Almennit eru niðurstöður þessarar rannsóknar sambærilegar þeim niðurstöðum sem hafa fengist annars staðar á Norðurlöndum.

### 1.3 Markmið rannsókna

Mikilvægt er að fylgjast reglulega með hugsanlegum breytingum á spilahegðun og á algengi spilafíknar meðal þjóðarinnar til að hægt sé að meta þörf á meðferðar- og forvarnarstarfi vegna spilafíknar. Eitt meginmarkmið þessarar rannsóknar var því að kanna spilahegðun og algengi spilafíknar meðal fullorðinna Íslendinga árið 2007. Einnig var talið nauðsynlegt að kanna með ítarlegri hætti en áður hefur verið gert, þátttöku Íslendinga í peningaspilum á Netinu. Meginniðurstöður þessarar rannsóknar voru síðan bornar saman við niðurstöður sambærilegrar rannsóknar sem gerð var árið 2005 (sjá Daníel Þór Ólason, Sigríður Karen Bárudóttir og Sigurður J. Grétarsson, 2005; Ólason og Grétarsson, í prentun).



## 2. Aðferð

Aðferðarkafllinn er mjög ítarlegur og settur upp á hefðbundinn fræðilegan hátt. Þeir sem einkum hafa áhuga á niðurstöðum rannsóknarinnar er bent á að sleppa lestri þessa kafla og fara beint í niðurstöður (bls. 21).

### 2.1 Gagnaöflun

Öflun gagna fór fram með símaviðtölum og sá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um þann þátt rannsóknarinnar. Áður en gagnaöflun hófst voru spyrjar þjálfaðir sérstaklega með upplýsingagjöf um spilafíkn og farið var ítarlega í gegnum spurningalista. Spyrjar æfðu sig einnig hver á öðrum áður en þeir hringdu í þátttakendur.

Í upphafi hvers símtals fengu þátttakendur almennar upplýsingar um könnunina og hver stæði að henni. Einnig var þeim gert ljóst að þátttaka væri frjáls og að þeim væri ekki skylt að svara öllum spurningum. Þátttakendum var einnig gert ljóst að nafnleyndar væri gætt og að ekki væri hægt að rekja niðurstöður til einstakra þátttakenda. Þeir sem samþykktu þátttöku fengu útskýringu á hugtakinu peningaspil og voru beðnir um að svara öllum spurningum samviskusamlega. Gagnasöfnun fór fram frá 2. október til 10. desember 2007.

### 2.2 Svarhlutfall

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá var heildarfjöldi íbúa á aldrinum 18 til 70 ára 209.274 í september 2007. Valið var 5.000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá. Greining á svarhlutfalli má sjá í töflu 1. Þar kemur fram að 55 manns voru búsettir erlendis, 175 gátu ekki svarað vegna tungumálaörðugleika og 28 voru sjúklingar eða látnir. Nettóúrtak könnunar var því 4.742. Alls svöruðu 3.009 manns könnuninni, 1.448 karlar og 1.561 kona. Svarhlutfall var viðunandi eða 63,4%. Meðalaldur þátttakenda var 41,9 ár og var enginn munur á meðalaldri karla ( $m = 41,78$ ) og kvenna ( $m = 42,13$ ) ( $t(3002) = 0,667$ ,  $p=0,498$ ). Fimm þátttakendur voru fjarlægðir úr gagnasafni vegna ófullnægjandi svörunar.

Tafla 1. Svarhlutfall og skipting brottfalls

	Fjöldi	Hlutfall brúttó	Hlutfall nettó
Tók þátt og lauk könnun	3009	60,2%	63,4%
Neitar að svara eða hættir í könnun	796	15,9%	16,8%
Náðist ekki í	255	5,1%	5,4%
Símanúmer finnst ekki (rangt/ótengt nr.)	682	13,6%	14,4%
Búsettur erlendis	55	1,1%	
Erlendur (tala ekki íslensku)	175	3,5%	
Sjúklingar eða látnir	28	0,6%	
<b>Samtals</b>	<b>5000</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Samanburður á dreifingu baksviðsbreyta (kyn, aldur og búseta) í þýði og úrtaki sýndi að frávik voru óveruleg eða á bilinu 0,1% til 3,9% (sjá töflu 2). Stærsta frávikidd (+/- 3,9%) var í svörum karla og kvenna, en hlutfallslega fleiri konur en karlar tóku þátt í könnuninni. Einnig náðist í nokkuð færri þátttakendur úr yngri aldurshópum en þeim eldri.

Niðurstöður könnunar voru því vegnar samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá um kyn, aldurshópa og búsetu. Hlutfallstölur (%) í niðurstöðum um algengi spilahegðunar og spilaafiknar eru því birtar fyrir vigtuð gögn. Fjöldatölur í töflum vísa hins vegar til óvigtaðra gagna og gefa því rétta mynd af fjölda í úrtaki.

**Tafla 2.** Fjöldatölur fyrir þýði og úrtak skipt eftir baksviðspáttum

	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði	Fjöldi í úrtaki	Hlutfall í úrtaki	Munur á hlutfalli þýðis og úrtaks
<b>Kyn</b>					
Karl	108.688	52%	1.445	48,1%	
Kona	100.586	48%	1.559	51,9%	+/-3,9
<b>Aldursflokkar</b>					
18-24 ára	31.290	15%	409	13,6%	-1,4
25-34 ára	46.780	22%	611	20,3%	-1,7
35-44 ára	44.728	21%	699	23,3%	+2,3
45-54 ára	43.289	21%	620	20,6%	-0,4
55-70 ára	43.187	21%	665	22,1%	+1,1
<b>Búseta</b>					
Reykjavík	80.280	38%	1.112	37%	-1,0
Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur	51.338	25%	785	26,1	+1,1
Suðurnes	13.406	6%	170	5,7	-0,3
Vesturland	9.904	5%	135	4,5	-0,5
Vestfirðir	4.850	2%	64	2,1	+0,1
Norðurland vestra	4.733	2%	80	2,7	+0,7
Norðurland eystra	18.452	9%	285	9,5	+0,5
Austurland	11.088	5%	129	4,3	-0,7
Suðurland	15.223	7%	244	8,1	+1,1
<b>Samtals</b>	<b>209.274</b>	<b>100%</b>	<b>3.004</b>	<b>100%</b>	

## 2.3 Mælitæki

Spurningalistinn var alls 176 spurningar en mjög misjafnt var hversu mörgum spurningum hver þátttakandi svaraði. Fjöldi spurninga fór eftir spilabátttöku en að meðaltali svaraði hver þátttakandi u.þ.b. 50 spurningum um spilabátttöku, spilafíkn og spurningum er tengjast bátttöku í peningaspilum. Hér verður gerð grein fyrir spurningum um spilahegðun og spilafíkn en allan spurningalistann má sjá í viðauka 2.

### 2.3.1 Tegundir peningaspila

Alls var spurt um bátttöku í 21 gerð peningaspila í könnuninni en peningaspil eru hér skilgreind sem hvers kyns spil eða leikir þar sem hægt er að vinna eða tapa peningum eða öðrum verðmætum og tilviljun ræður að einhverju eða öllu leyti niðurstöðunni. Þeir sem höfðu spilað a.m.k. einu sinni í peningaspili á síðustu 12 mánuðum voru síðan spurðir hversu oft þeir höfðu spilað á fimm punkta mælistiku þar sem svarmöguleikar voru (1) daglega, (2) þrisvar til sex sinnum í viku, (3) einu sinni til tvisvar í viku, (4) einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði og (5) nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum. Spurt var um eftirfarandi peningaspil: Lottó, skafmiða, flokkahappdrætti, bingó, íþróttagetraunir (1x2), Lengjuna, spilakassa, póker, önnur spil upp á peninga (t.d. bridge, vist), leynileg spilavíti og hvort þátttakendur hefðu lagt peninga undir í leik eða íþrótt (t.d. snóker, golfi, fótbolta). Spurt var hvort þátttakendur hefðu spilað peningaspil á innlendum vefsíðum (t.d. Lottó, getraunir, Lengjuna og „tippað í beinni“) eða á erlendum vefsíðum (t.d. netpóker, skafmiða, spilakassa, veðjað á íþróttaappleiki, 21, rúllettu o.s.frv.). Einnig voru þátttakendur spurðir um hversu miklu þeir eyddu venjulega í hvert sinn sem þeir spiluðu peningaspil. Fyrir flest peningaspil á Netinu voru þátttakendur einnig spurðir hversu lengi þeir spiluðu í hvert sinn, á hvaða tíma sólarhringsins þeir spiluðu helst og hvar þeir væru þegar þeir spiluðu á Netinu (sjá nánar spurningalista í viðauka 2).

### 2.3.2 Spilafíkn

Problem gambling severity index (PGSI-Ferris og Wynne, 2001) er kanadískt mælitæki, 9 spurningar sem meta alvarleika spilafíknar undanfarna 12 mánuði. Hverri spurningu er svarað á fjögurra punkta stiku með svarmöguleikunum aldrei (0), stundum (1), oft (2) og næstum alltaf (3). Heildarskor liggur því á bilinu 0 til 27 stig og eru eftirfarandi viðmið notuð til flokkunar í spilavandahópa: Þeir sem fá ekkert stig teljast „spila peningaspil án vandkvæða“ (e. Non-problem gambler); þeir sem fá stig á bilinu 1-2 falla í hópinn „lítil hætta á vanda vegna peningaspila“ (e. Low risk gambler); þeir sem fá stig á bilinu 3-7 stig falla í hópinn „nokkur hætta á vanda vegna peningaspila“ (e. Moderate risk gambler) og þeir sem skora 8 stig eða fleiri eiga við líklega

spilafíkn að stríða (e. Problem gambler). Próffræðilegir eiginleikar mælitækisins eru ágætir en niðurstöður kanadískrar rannsóknar sýndu að allar spurningar hlóðu á einn þátt í þáttgreiningu og Alfa áreiðanleiki reyndist einnig fullnægjandi ( $\alpha = 0,84$ ). Greiningarhæfni prófsins virðist einnig viðunandi (sjá frekar í Ferris og Wynne, 2001).

Daníel Þór Ólason, Sigurður J. Grétarsson og Sigríður Karen Bárudóttir þýddu PGSI árið 2003 og var íslenska útgáfan síðan bakþýdd af löggiltum skjalaþýðanda. Samanburður á upprunalegu útgáfunni og bakþýðingu benti til þess að íslensk þýðing væri fullnægjandi. PGSI var síðan forprófað á úrtaki 1266 íslenskra háskólanema og sýndi niðurstaða þáttgreiningar að öll atriði kvarðans hlóðu á einn þátt sem er í samræmi við upprunalega útgáfu (Ferris og Wynne, 2001). Áreiðanleiki íslensku útgáfunnar ( $\alpha = 0,84$ ) reyndist einnig fullnægjandi (Daníel Þór Ólason, Herdís Finnbogadóttir, Margrét Aðalheiður Finnbogadóttir og Sigríður Karen Bárudóttir, 2003; Ólason, Bárudóttir og Grétarsson, 2006).

## 2.4 Úrvinnsla

Úrvinnsla gagna var gerð með hefðbundnum hætti, gögn skimuð vegna innsláttarvillna eða skekkju í dreifingu. Einnig voru svarstíkur nokkurra breyta (t.d. menntun) umkóðaðar til að einfalda niðurstöður rannsóknar.

**Upplýsingar um eyðslu í tengslum við hvert peningaspil** voru kannaðar vegna þess að svarendur eiga oft erfitt með að muna hversu miklu þeir hafa eytt í peningaspil undanfarna 12 mánuði fyrir könnun. Einnig innihalda slíkar breytur oft jaðargildi (mjög háar upphæðir) sem geta gefið ranga mynd af dæmigerðri eyðslu svarenda í úrtaki. Í ljós kom að dreifing svara var jákvætt skekkt og nokkuð um jaðargildi. Til að laga dreifingu var öllum jaðargildum sem voru fjögur staðalfrávik frá meðaltali eða meira breytt í þá upphæð sem samsvaraði fjórum staðalfrávikum frá meðaltali. Í framsetningu niðurstaðna fyrir eyðslu í hverja tegund peningaspila var einnig reiknað miðgildi, en miðgildi er ekki háð skekkju í dreifingu og því oft nákvæmari mæling en meðaltal á meðalgildum í skekktri dreifingu.

**Breytan menntun svarenda** var þrískipt í grunnnám, framhaldsskóla og háskólamenntun. Undir grunnnám féll almennt grunnskólanám. Undir framhaldsskóla féll almennt starfsnám, s.s. bókhalds-, ritara-, sjúkraliða-, lögreglu-, fiskvinnslu- og hússtjórnarnám. Einnig bóklegt og verklegt framhaldsnám og iðnnám, s.s sveins- og meistaraþróf, vélstjóra- og stýrimannapróf, búfræði, garðyrkjufræði eða tækniteikun, verslunarþróf, samvinnuskólaþróf og stúdentsþróf. Undir háskólamenntun féllu próf úr sérskólum á háskólastigi, s.s. myndlistarnám, tækninám og almennt háskólanám, þ.e. þriggja ára háskólanám eða lengra (BA, BS, B.Ed, kandidatsnám, MA, MS, Phd.).

**Breytan aldur** var flokkuð í fjóra flokka: 18-25 ára, 26-40 ára, 41-55 ára og 56-70 ára.

**Breytan búseta** var skipt í þrjú svæði: í Reykjavík, höfuðborgarsvæði og landsbyggðin. Undir Reykjavík heyra öll póstnúmer sem tilheyra borginni, þ.e.: 101 – 116, undir höfuðborgarsvæðið falla póstnúmer 200 – 225 og 270. Öll önnur póstnúmer falla undir landsbyggðina.

**Spurningar um tíðni þátttöku í peningaspilum** voru umskráðar fyrir úrvinnslu á eftirfarandi hátt: Svarmöguleikarnir daglega, þrisvar til sex sinnum í viku og einu sinni til tvisvar í viku voru umskráðir í vikulega eða oft. Einu sinni til þrisvar í mánuði var skilgreint sem að minnsta kosti mánaðarlega og nokkrum sinnum á síðasta ári var skilgreint sem sjaldnar en mánaðarlega. Svarmöguleikanum aldrei var haldið óbreyttum.

**Breytan fjölskyldutekjur.** Um 30% (n=897) af úrtaki neitaði að gefa upp tekjur sínar eða heildar-tekjur fullorðinna á heimili. Við úrvinnslu úr tekjuupplýsingum var mynduð ný breyta, fjölskyldutekjur. Svör við fjölskyldutekjum byggist því aðeins á 2.107 þátttakendum. Til fjölskyldutekna töldust sameiginlegar mánaðarlegar tekjur hjóna eða sambúðarfólks eða einstaklingstekjur einstaklinga. Fjölskyldutekjur voru flokkaðar í fimm flokka, (1) minna en 250.000 kr. á mánuði (20,7%), (2) 250.000 til 399.000 kr. á mánuði (17,9%), (3) 400.000 til 549.000 kr. á mánuði (21,2%), (4) 550.000 til ein milljón kr. á mánuði (32,6%) og (5) meira en ein milljón kr. á mánuði (7,5%).

#### 2.4.1. Tölfræði

- Reiknað var kí-kvaðrat til að kanna tengsl spilahegðunar og spilafíknar við baksviðsbreytur könnunar.
- Ef niðurstöður byggðust á meðaltölum var notað t-próf eða einfaldar dreifigreiningar til að kanna marktækan mun milli hópa. Ef dreifing gagna uppfyllti ekki skilyrði normaldreifingar voru notuð úrtaksbundin próf.
- Aðferð Wilsons var notuð til að reikna 95% öryggisbil fyrir hlutföll (Newcombe, 1998).

### 3. Niðurstöður

#### 3.1 Þátttaka í peningaspilum


Fyrst var kannað hversu margir höfðu spilað í peningaspili a.m.k. einu sinni undanfarið ár. Í ljós kom að 67,2% þátttakenda höfðu spilað a.m.k. einu sinni á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun, um 27% spiluðu a.m.k. mánaðarlega og rúmlega 13% spiluðu vikulega eða oftar. Töluvert margir (15%) höfðu spilað peningaspil á Netinu og flestir þeirra höfðu spilað á innlendum vefsíðum (sjá töflu 3).

**Tafla 3.** Heildarþátttaka í peningaspilum

	Tíðni			
	A.m.k. einu sinni %	Sjaldnar en mánaðarlega %	A.m.k. mánaðarlega %	Vikulega eða oftar %
Þátttaka í öllum peningaspilum	67,2	26,4	27,3	13,3
Þátttaka í peningaspilum á Netinu	15,0	4,3	0,7	9,1
Peningaspil á innlendum vefsíðum	13,8	3,8	0,5	8,7
Peningaspil á erlendum vefsíðum	1,6	0,9	0,2	0,4

Ath. Lottó í áskrift telst hér til vikulegrar spilamennsku sem skýrir mun hærrí tíðni vikulegrar spilamennsku á Netinu og á innlendum vefsíðum en mánaðarleg spilamennska. Örlítill frávik eru á þátttöku a.m.k. einu sinni og samanlagðri tíðni og skýrist af því að sumir þátttakendur treystu sér ekki til að tilgreina hversu oft þeir spiluðu í peningaspilum.

Kannað var hversu margar ólíkar tegundir peningaspila þátttakendur spila að meðaltali og í ljós kom að þátttakendur spiluðu 1,3 ólík peningaspil undanfarna 12 mánuði. Flestir spila aðeins eina tegund en tæplega 7% spila fjórar gerðir peningaspila eða meira (sjá mynd 1).



**Mynd 1.** Fjöldi peningaspila á síðustu 12 mánuðum

Í framhaldi var gerð greining á heildarþátttöku í peningaspilum eftir helstu baksviðsbreytum könnunarinnar (sjá töflu 4). Í ljós kom að baksviðsbreyturnar kyn, menntun, aldur, hjúskaparstaða og fjölskyldutekjur höfðu marktæk tengsl við heildarþátttöku í peningaspilum. Karlmenn spiluðu frekar vikulega eða oftár en konur. Þeir sem hafa háskólapróf spiluðu síður vikulega en þeir sem hafa minni menntun. Yngsti og elsti aldurshópurinn spila síður vikulega en þeir sem eru á aldrinum 26 til 40 ára. Þeir sem höfðu misst maka sinn og þeir sem höfðu lægstu tekjurnar spiluðu sjaldnar vikulega eða oftár en aðrir hópar.

**Tafla 4.** Heildarþátttaka í peningaspilum undanfarna 12 mánuði eftir baksviðsbreytum

	Fjöldi	Ekki spilað peningaspil %	Sjaldnar en mánaðarlega %	A.m.k. mánaðarlega %	Vikulega eða oftar %	Kíkvaðrat
<b>Kyn</b>						22,46***
Karlar	1445	30,3	28,2	26,2	15,3	
Konur	1559	35,9	25,4	28,5	11,1	
<b>Menntun</b>						24,24***
Grunnskóli	731	29,2	25,8	30,2	14,9	
Framhaldsskóli	1225	31,4	27,9	27,2	13,5	
Háskóli	970	38,9	25,1	24,6	11,5	
<b>Aldursflokkar</b>						195,49***
18 – 25 ára	465	38,7	38,5	13,8	9,0	
26 – 40 ára	944	32,4	30,7	20,9	16,0	
41 – 55 ára	985	33,5	21,3	31,3	13,9	
56 – 70 ára	610	28,1	17,0	43,5	11,4	
<b>Hjúskaparstaða</b>						62,56***
Einhleyp/ur	586	36,3	34,5	19,5	9,7	
Hjónaband/sambúð	2149	32,5	24,4	28,9	14,2	
Fráskilin(n)	141	32,6	22,0	27,3	18,2	
Ekill/ekkja	46	19,5	22,0	53,7	4,9	
<b>Fjölskyldutekjur</b>						37,53***
Undir 250 þ.	437	35,5	33,5	21,7	9,3	
250-399 þ.	378	30,5	29,7	26,8	12,9	
400-549 þ.	447	32,7	23,8	28,4	15,1	
550 – milljón	686	29,6	25,1	27,8	17,5	
Milljón og meira	159	35,3	19,2	30,1	15,4	
<b>Búseta</b>						14,36*
Reykjavík	1112	32,8	27,1	25,8	14,3	
Höfuðborgarsvæði	785	36,6	24,1	28,9	10,4	
Landsbyggðin	1107	30,8	27,3	27,9	14,1	

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$

Niðurstöður fyrir heildarþátttöku í peningaspilum á Netinu og þátttöku á annaðhvort innlendum eða erlendum vefsíðum voru einnig greindar eftir baksviðsbreytum. Ekki reyndist unnt að greina eftir tíðni þátttöku fyrir þessar tegundir peningaspila þar sem of fáir spiluðu oft á Netinu. Greiningar byggjast því einfaldlega á hlutfalli þeirra sem höfðu einhvern tíma á síðustu 12 mánuðum spilað á Netinu og þeirra sem aldrei spiluðu á Netinu.

*Niðurstöður fyrir heildarþátttöku á Netinu* sýndu að karlar spiluðu oftar peningaspil á Netinu en konur. Þeir sem voru á aldrinum 26 til 40 ára voru líklegri en aðrir aldurshópar til að spila á Netinu og þeir sem voru giftir, í sambúð eða fráskildir spiluðu frekar á Netinu en ekkjar, ekkjur eða einhleypir. Þeir sem höfðu lægstu tekjurnar spiluðu síður á Netinu en aðrir tekjuhópar (sjá töflu A í viðauka 1).



Niðurstöður fyrir þátttöku á innlendum vefsíðum sýndu að karlar spiluðu oftar á innlendum vefsíðum en konur. Þeir sem voru á aldrinum 26 til 40 ára voru líklegri en aðrir aldurshópar til að spila á innlendum vefsíðum og þeir sem annaðhvort voru giftir, í sambúð eða fráskildir spiluðu frekar á innlendum vefsíðum en ekklar, ekkjur eða einhleypir. Þeir sem höfðu lægstu tekjurnar spiluðu síður á innlendum vefsíðum en aðrir tekjuhópar (sjá töflu B í viðauka 1).

Niðurstöður fyrir þátttöku á erlendum vefsíðum sýndu að karlar spiluðu frekar á erlendum vefsíðum en konur og aldurshópurinn 18-25 ára oftar en eldri aldurshópar (sjá töflu C í viðauka 1).

### 3.2 Tíðni þátttöku eftir mismunandi tegundum peningaspila

Lottó var vinsælasta peningaspilið meðal landsmanna, en alls höfðu tæplega 46% spilað í Lottó a.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði fyrir könnun (sjá töflu 5). Algengast var að kaupa lottómiða á sölustöðum en 8,0% voru í áskrift. Á eftir Lottó eru flokkahappdrætti, skafmiðar og spilakassar algengustu peningaspilin. Athyglisvert er að flestir sem leggja fé undir í spilum gera það í póker en rúmlega 8% landsmanna lögðu fé undir í póker síðastliðna 12 mánuði fyrir könnun. Fáir hafa lagt fé undir í leynilegum spilavítum hér á landi eða „tippað í beinni“.

**Tafla 5.** Tíðni þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila á Íslandi

Tegund peningaspila	Fjöldi	A.m.k. einu sinni á	Mánaðarlega	Vikulega eða
		síðustu 12 mánuðum	%	oftar
		%	%	%
<b>Heildarþátttaka í Lottó</b>	<b>1385</b>	<b>45,7</b>	<b>6,0</b>	<b>10,8</b>
Lottó á sölustöðum	1211	40,0	5,8	3,2
Lottó á Netinu	201	6,8	0,3	0,7
Lottó í áskrift á Netinu	243	8,0	-	8,0
Flokkahappdrætti	856	27,4	27,4	-
Skafmiðar	535	18,5	1,6	0,2
Spilakassar	304	11,0	1,3	0,5
<b>Heildarþátttaka í spilum</b>	<b>225</b>	<b>8,5</b>	<b>1,4</b>	<b>0,6</b>
Póker (með spilum)	214	8,2	1,4	0,5
Bridge, vist (önnur borðspil)	18	0,6	0,0	0,1
<b>Heildarþátttaka í getraunum (1x2)</b>	<b>189</b>	<b>6,9</b>	<b>1,3</b>	<b>1,2</b>
Getraunir (1x2) á sölustöðum	159	5,8	1,1	0,8
Getraunir (1x2) á Netinu	60	2,2	0,4	0,5
Bingó	156	5,4	0,3	0,1
<b>Heildarþátttaka í Lengjuni</b>	<b>120</b>	<b>4,5</b>	<b>0,9</b>	<b>0,4</b>
Lengjan á sölustöðum	101	3,8	0,7	0,2
Lengjan á Netinu	40	1,5	0,3	0,2
Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt	69	2,6	0,4	0,4
Tippað í beinni á Netinu	20	0,7	0,1	0,1
Leynileg spilavíti	11	0,4	0,0	0,0

Tafla 6 sýnir tíðni þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila á erlendum vefsíðum. Ljóst er að fáir spila á erlendum vefsíðum og var netpóker algengasta form peningaspila sem spilað var á erlendum vefsíðum.

**Tafla 6.** Tíðni þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila á erlendum vefsíðum

Tegund peningaspila	A.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum		Mánaðarlega	Vikulega eða oft
	Fjöldi	%	%	%
Netpóker	32	1,3	0,2	0,3
Skafmiðar á Netinu	3	0,1	0,0	0,0
Spilakassar á Netinu	10	0,4	0,0	0,0
Íþróttakappleikir á Netinu	12	0,4	0,1	0,1
Önnur peningaspil á Netinu (t.d. 21, rúlletta, bingó o.s.frv.)	10	0,4	0,0	0,0

### 3.3 Ítarlegri greining á þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila

Þátttaka Íslendinga í mismunandi tegundum peningaspila var greind frekar. Ekki var alltaf unnt að reikna tengsl þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila og baksviðsbreyta þar sem mjög fáir þátttakendur spiluðu sumar tegundir peningaspila. Til að reikna tengsl sem flestra tegunda peningaspila við baksviðsbreytur var þátttaka í peningaspilum bara tvískipt (1 = spila ekki, 2 = spilar). Hafa ber í huga þegar tengsl peningaspila við baksviðsbreytur eru túlkaðar að tengslin geta ráðist af öðru samhengi. Þannig er mögulegt að ef t.d. einhleypir spila eina tegund peningaspila meira en aðrir hjúskaparhópar, megi hugsanlega skýra það með aldri þátttakenda, þar sem yngstu þátttakendurnir eru líklegastir til að vera einhleypir.

Einnig var meðaleyðsla fyrir hvert peningaspil reiknuð. Dreifing eyðslu var undantekningarlaust jákvætt skekkt. Fáir sögðust eyða mjög háum upphæðum í peningaspil sem leiðir til að meðaltal verður hærra og gefur því ekki rétta mynd af meðaleyðslu. Til að draga úr áhrifum slíkra jaðargilda í útreikningum var hæsta gildi fyrir hvert peningaspil breytt í það gildi sem var fjögur staðalfrávik fyrir ofan meðaltal. Einnig er ávallt gefið upp meðaltal, staðalfrávik og miðgildi eyðslu fyrir hvert peningaspil. Miðgildi er sú tala sem skiptir öllum tölum dreifingar í tvennt, þannig að helmingur er fyrir ofan miðgildið og helmingur fyrir neðan það. Miðgildi er því iðulega betra mat á meðalgildi en meðaltal í mjög skekktum dreifingum þar sem miðgildi er ekki háð skekkju í dreifingu.

### 3.3.1 Lottó

Tæplega 46% Íslendinga höfðu spilað a.m.k. einu sinni eða oftár í Lottó undanfarna 12 mánuði fyrir könnun. Flestir (40%) kaupa miða á almennum sölustöðum (t.d. í söluturnum), um 8% voru í lottóáskrift og tæplega 7% höfðu keypt staka miða á heimasíðu Íslenskrar getspár (sjá nánar í töflu 5). Kannað var: (1) hversu margir höfðu keypt lottómiða síðustu 12 mánuði á öllum þremur sölustöðunum; (2) hversu margir keyptu miða á sölustöðum og á Netinu; (3) hversu margir keyptu miða á sölustöðum og voru í áskrift og (4) hversu margir keyptu miða á Netinu og voru í áskrift. Um 2% þátttakenda höfðu keypt lottómiða á öllum þremur stöðunum, 2,5% keyptu miða á sölustöðum og á Netinu, 1,8% á sölustöðum og voru í áskrift og 0,8% voru í áskrift og keyptu á Netinu.

Gerð var greining á þátttöku í Lottó eftir baksviðsbreytum (sjá töflu D í viðauka 1). Menntun, aldur, hjúskaparstaða, fjölskyldutekjur og búseta höfðu tengsl við kaup á lottómiðum á almennum sölustöðum. Þeir sem hafa keypt lottómiða á almennum sölustöðum á síðustu 12 mánuðum voru marktækt líklegri til að hafa einungis lokið grunn- eða framhaldsskólamenntun, vera á aldrinum 40 til 70 ára og vera í hjónabandi eða í sambúð, fráskildir eða misst maka sína. Þeir voru einnig líklegri til að hafa miðlungs fjölskyldutekjur og vera annaðhvort búsettir í Reykjavík eða á landsbyggðinni en síður á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur.

Þeir sem voru í áskrift að lottómiðum á Netinu voru marktækt líklegri til að vera á aldrinum 26-55 ára, annaðhvort fráskildir eða í hjónabandi eða sambúð og með fjölskyldutekjur yfir 400 þúsund (sjá nánar töflu D í viðauka 1).

Þeir sem keyptu staka miða á heimasíðu Íslenskrar getspár voru frekar karlar en konur, annaðhvort í hjónabandi, sambúð eða fráskildir og með tiltölulega háar fjölskyldutekjur (sjá nánar töflu D í viðauka 1).

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert sinn sem þeir keyptu lottómiða. Eins og sjá má í töflu 7 benda meðaltöl til að lottóspilarar hafi eytt meiru ef þeir keyptu miða á almennum sölustöðum eða voru í áskrift en ef þeir keyptu staka miða á heimasíðu Íslenskrar getspár. En staðalfrávik sýna að dreifing er mikil og þar sem dreifing er jákvætt skekkt gefur miðgildi mun betri mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi var um 1.000 kr. fyrir alla þrjá sölustaði.

**Tafla 7.** Meðaleyðsla í Lottó

<b>Tegund peningaspila</b>	<b>Meðaltal</b>	<b>Staðalfrávik</b>	<b>Miðgildi</b>
Lottó á sölustöðum	2.396 kr.	18.688 kr.	1.000 kr.
Lottó á Netinu	985 kr.	1.003 kr.	1.000 kr.
Lottó í áskrift á Netinu (á mán.)	2.339 kr.	8.006 kr.	1.158 kr.

### 3.3.2 Flokkahappdrætti

Alls eiga rúmlega 27% landsmanna miða í flokkahappdrætti. Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) er stærst en alls sögðust 20,6% þátttakenda eiga miða í HHÍ. Happdrætti DAS og SÍBS eru svipuð að stærð en alls sögðust 6,7% eiga miða í happdrætti DAS og 7,5% í SÍBS. Um 1,4% landsmanna eiga miða í öllum þremur happdrættunum, 1,9% eiga miða í happdrætti DAS og SÍBS, 3,5% eiga miða í HHÍ og SÍBS og 3,6% eiga miða í HHÍ og DAS.

Þátttakendur voru spurðir hvernig þeir hefðu keypt miða í flokkahappdrætti. Alls höfðu 69,4% keypt miða hjá umboðsmönnum, 19,6% á heimasíðum flokkahappdrætta og 11% höfðu keypt miða í síma hjá umboðsmönnum.

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu í hverjum mánuði í kaup á miðum í flokkahappdrætti. Að meðaltali eyddu landsmenn um 2.068 (sf = 1.922 kr.) krónum í flokkahappdrætti. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 1.100 kr.

Gerð var greining á þátttöku í flokkahappdrætti eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu D í viðauka 1). Kyn, aldur, hjúskaparstaða og fjölskyldutekjur höfðu tengsl við kaup á miðum í flokkahappdrætti. Þeir sem áttu miða í flokkahappdrætti á síðustu 12 mánuðum voru frekar konur en karlar, á aldrinum 40 til 70 ára, ekkjur eða ekkjar frekar en aðrir og höfðu fjölskyldutekjur yfir 250 þús.

### 3.3.3 Skafmiðar

Alls höfðu um 18,5% landsmanna keypt skafmiða á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar í töflu 5). Gerð var greining á skafmiðakaupum eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu D í viðauka 1). Menntun, aldur, hjúskaparstaða og fjölskyldutekjur höfðu tengsl við kaup á skafmiðum. Líkindi til þess að hafa keypt skafmiða á síðustu 12 mánuðum voru marktækt meiri hjá þeim sem höfðu eingöngu lokið grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun, voru á aldrinum 18 til 25 ára og

með fjölskyldutekjur undir 549 þús. Þeir sem voru í hjónabandi eða í sambúð voru síður líklegir til að kaupa skafmiða en þeir sem voru einhleypir, fráskildir eða höfðu misst maka sinn.

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir keyptu skafmiða. Að meðaltali eyddu skafmiðaspilarar um 466 (sf = 3.258 kr.) krónum í skafmiðakaup. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 200 kr.

### 3.3.4 Skafmiðar á erlendum vefsíðum

Aðeins reyndust 0,1% (n=3) landsmanna hafa keypt skafmiða á erlendum vefsíðum á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar töflu 6). Ekki reyndist því unnt að gera frekari greiningu á spurningum um kaup á skafmiðum á Netinu þar sem aðeins tveir þátttakendur svöruðu frekari spurningum. Þó má nefna að báðir þátttakendur sögðust hafa spilað á kvöldin á eigin heimili. Aðeins einn þátttakandi nefndi heimasíðu og hafði hann keypt skafmiða á Betsson.com.

### 3.3.5 Spilakassar

Alls höfðu um 11% landsmanna spilað í spilakassa á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar í töflu 5 og skiptingu eftir baksviðsbreytum í töflu E í viðauka 1). Kyn, menntun, aldur, hjúskaparstaða og fjölskyldutekjur höfðu tengsl við þátttöku í spilakössum. Þeir sem höfðu spilað í spilakassa á síðustu 12 mánuðum voru marktækt oftast karlmenn en konur, á aldrinum 18 til 25 ára, einhleypir með lágar fjölskyldutekjur. Þeir sem voru með háskólamenntun spiluðu síður í spilakössum en þeir sem höfðu grunn- eða framhaldsskólamenntun.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir spiluðu í spilakassa. Að meðaltali eyddu spilakassaspilarar um 1.502 (sf = 7.604 kr.) krónum í hvert sinn sem þeir spiluðu í spilakössum. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 250 kr.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að áætla hversu lengi þeir spiluðu í hvert sinn sem þeir spiluðu í spilakössum. Að meðaltali spiluðu þátttakendur í u.þ.b. 15 mínútur (sf = 55,59) í hvert sinn sem þeir spiluðu í spilakassa. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 5 mínútur.

Kannað var hvar fólk spilaði helst í spilakössum. Spurt var um þátttöku á þremur stöðum: (1) spilakassar í söluturnum, bensínstöðvum, skyndibitastöðum eða myndbandaleigum (svokallaðir Lukku-

skjáir): (2) spilakassar í spilasölum (Gullnáma eða Gullregn): (3) spilakassar á vínveitingastöðum (krám, veitingahúsum) (Íslandsspil og HHÍ). Flestir reyndust spila í spilakössum í söluturnum, bensinstöðvum, á skyndibitastöðum, myndbandaleigum eða annars staðar, en tæplega 92% þátttakenda höfðu spilað í spilakassa á þessum stöðum. Til samanburðar spiluðu tæplega 17% á vínveitingastöðum og tæplega 22% í spilasölum. Nánari greining á tíðni á hverjum stað má sjá í töflu 8.

**Tafla 8.** Tíðni þátttöku í spilakössum eftir staðsetningu

Staðsetning spilakassa	Aldrei	Sjaldnar en	Mánaðarlega	Vikulega
	%	mánaðarlega	%	eða oftar
Söluturnar, myndbandaleigur, bensínstöðvar, skyndibitastaðir (Lukkuskjái)	8,2	76,7	9,4	5,6
Spilasalir	78,4	17,1	2,6	1,9
Vínveitingastaðir	83,1	14,8	0,9	1,2

### 3.3.6 Þátttaka í spilakössum á erlendum vefsíðum

Aðeins reyndust 0,4% (n=11) landsmanna hafa spilað í spilakassa á erlendum vefsíðum (sjá nánar töflu 6). Ekki reyndist því unnt að gera frekari tölfræðigreiningu á spurningum um spilakassa á erlendum vefsíðum þar sem aðeins tíu þátttakendur svöruðu þeim spurningum. Þó má nefna að þátttakendur eyddu venjulega á bilinu 500 til 5.000 kr. Þegar þeir spiluðu í spilakassa á Netinu. Flestir spiluðu í heimahúsi (n=8) en tveir spiluðu helst á vinnustað eða í skóla. Þátttakendur spiluðu helst eftir hádegi (n=4) eða á kvöldin (n=4). Spurt var um á hvaða vefsíðu var helst spilað og voru eftirfarandi vefsíður nefndar: Betsson.com (n=5), fourkings.com (n=1), freelottery.com (n=1).

### 3.3.7 Lagt undir í spilum

Alls höfðu 8,5% Íslendinga lagt peninga undir í spilum undanfarna 12 mánuði fyrir könnun. Þátttaka í póker var mun meiri (8,2%) en í öðrum tegundum af borðspilum (0,6%) eins og bridge eða vist (sjá nánar töflu 5). Einungis 0,3% höfðu lagt fé undir í bæði póker og öðrum borðspilum á undanförunum 12 mánuðum. Einnig var kannað hversu hátt hlutfall af pókerspilurum spilaði bæði póker með spilum og netpóker. Alls voru það 1,2% landsmanna sem lögðu fé undir í póker með spilum og í netpóker.

### 3.3.7.1 Póker með spilum

Gerð var greining á þátttöku í póker eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu E í viðauka 1) Kyn, menntun, aldur, hjúskaparstaða og fjölskyldutekjur höfðu tengsl við þátttöku í póker. Þeir sem höfðu lagt fé undir í póker á síðustu 12 mánuðum voru oftast karlmenn en konur, á aldrinum 18 til 25 ára, einhleypir með tiltölulega lágar fjölskyldutekjur. Þeir sem voru með háskólamenntun spiluðu síður póker upp á peninga en þeir sem höfðu grunn- eða framhaldsskólamenntun.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir spiluðu póker með spilum. Að meðaltali eyddu pókerspilarar um 3.276 (sf = 7,957 kr.) krónum í hvert sinn. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 2.000 kr.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að áætla hversu lengi þeir spiluðu í hvert sinn sem þeir spiluðu póker. Að meðaltali spiluðu þátttakendur í u.þ.b. 3 klst. og 18 mínútur (sf = 1 klst. og 32 mín.) í hvert sinn sem þeir spiluðu póker.

Pókerspilarar voru einnig spurðir hvar þeir spila helst póker og á hvaða tíma sólarhrings. Langflestir pókerspilarar spila póker á heimili (90,5%) en einhverjir spila annaðhvort á vinnustað, í skóla (4,3%) eða á kaffihúsum og vínveitingastöðum (5,2%). Þegar spurt var á hvaða tíma sólarhrings pókerspilarar spila helst kom í ljós að langflestir spila á kvöldin (90,6%) en um 6,7% spila helst á næturnar.

### 3.3.7.2 Netpóker

Alls höfðu 1,3% landsmanna lagt peninga undir í netpóker á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar í töflu 6). Gerð var greining á þátttöku í netpóker eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu E í viðauka 1). Kyn og aldur höfðu marktæk tengsl við þátttöku í netpóker. Þeir sem höfðu lagt fé undir í netpóker á síðustu 12 mánuðum voru oftast karlmenn en ekki konur á aldrinum 18 til 25 ára.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir spila netpóker. Að meðaltali eyddu netpókerspilarar um 1.745 (sf = 1.099 kr.) krónum í hvert sinn sem þeir spiluðu netpóker.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að áætla hversu lengi þeir spiluðu í hvert sinn sem þeir spiluðu netpóker. Að meðaltali spiluðu þátttakendur í u.þ.b. 1 klst. og 36 mínútur (sf = 50 mín.) í hvert sinn sem þeir spiluðu netpóker.

Netpókerspilarar voru einnig spurðir hvar þeir spila helst netpóker og á hvaða tíma sólarhrings. Langflestir netpókerspilarar spila netpóker á heimili (83,1%) en einhverjir spila annaðhvort á vinnustað, skóla (13,5%) eða á kaffihúsum og vínveitingastöðum (3,4%). Þegar spurt var á hvaða tíma sólarhringsins pókerspilarar spila helst kom í ljós að langflestir spila á kvöldin (62,1%), um 11,3% spila eftir hádegi (frá kl. 12.00-18.00) og um 10,5% spila á morgnana. Tæplega 13% sögðu að það væri engin regla á því hvenær sólarhringsins þeir spila.

Að síðustu var spurt á hvaða vefsíðum netpókerspilarar spila helst. Flestir spila á pokerstars.com (23%), partypoker.com (23%) og Betsson.com (20%). Einnig voru eftirfarandi síður nefndar: poker.com, four-kings.com, 888.com, empirepoker.com og fulltiltpoker.com.

### 3.3.7.3 *Bridge, vist eða önnur borðspil*

Aðeins 0,6% (n = 18) svarenda hafa lagt peninga undir í bridge, vist eða öðrum borðspilum á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar í töflu 5). Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir spiluðu bridge, vist eða önnur borðspil. Að meðaltali eyddu þeir sem leggja fé undir í bridge eða öðrum borðspilum um 2.622 (sf = 2.541 kr.) krónum í hvert sinn sem þeir spiluðu slík spil. Ekki var unnt að gera frekari greiningar fyrir bridge, vist eða önnur borðspil þar sem of fáir leggja fé undir í slíkum spilum.

### 3.3.8 *Getraunir (1x2)*

Alls höfðu 6,9% Íslendinga tekið þátt í getraunum (1x2) undanfarna 12 mánuði fyrir könnun. Flestir keyptu getraunaseðla í verslunum, söluturnum o.s.frv. (5,8%) en 2,2% keyptu getraunaseðla á Netinu (sjá nánar í töflu 5). Kannað var hversu hátt hlutfall af getraunaspilurum keyptu bæði getraunaseðla á almennum sölustöðum og á Netinu. Alls keyptu 1,1% getraunaseðla á báðum stöðum.

#### 3.3.8.1 *Getraunaseðlar keyptir á almennum sölustöðum*

Gerð var greining á þátttöku í getraunum þar sem getraunaseðlar voru keyptir í verslunum o.s.frv. eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu F í viðauka 1). Kyn og aldur höfðu marktæk tengsl við



þátttöku í getraunum. Þeir sem höfðu keypt getraunaseðla á síðustu 12 mánuðum voru marktækt oftar karlmenn, á aldrinum 18 til 25 ára.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir keyptu getraunaseðla á almennum sölustöðum. Að meðaltali eyddu getraunaspilarar um 1.310 (sf = 3.150 kr.) krónum í hvert sinn sem þeir spiluðu í getraunum. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 640 kr.

### 3.3.8.2 *Getraunaseðlar keyptir á heimasíðu Íslenskra getrauna*

Gerð var greining á þátttöku í getraunum þar sem getraunaseðlar eru keyptir á heimasíðu Íslenskra getrauna eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu F í viðauka 1). Kyn og aldur höfðu marktæk tengsl við þátttöku í getraunum á Netinu. Þeir sem höfðu keypt getraunaseðla á heimasíðu Íslenskra getrauna á síðustu 12 mánuðum voru marktækt oftar karlmenn og á aldrinum 26 til 40 ára.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir keyptu getraunaseðla á heimasíðu Íslenskra getrauna. Að meðaltali eyddu netgetraunaspilarar um 1.202 (sf = 1.527 kr.) krónum í hvert sinn sem þeir spiluðu í getraunum á heimasíðu Íslenskra getrauna. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 794 kr.

Þeir sem keyptu getraunaseðla á heimasíðu Íslenskra getrauna voru einnig spurðir hvar þeir voru staddir þegar þeir keyptu rafræna getraunaseðla og á hvaða tíma sólarhrings. Langflestir netgetraunaspilarar kaupa getraunaseðla á heimili (71,4%) en einhverjir kaupa getraunaseðla á meðan þeir eru í vinnu, skóla (14,3%) eða á kaffihúsum og vínveitingastöðum (1,9%). Um 12% sögðust hafa keypt seðla annars staðar og var það aðallega í félagsheimilum eða hjá íþróttafélögum. Þegar spurt var á hvaða tíma sólarhrings netgetraunaspilarar spila helst kom í ljós að langflestir kaupa getraunaseðla á Netinu eftir hádegi, frá kl. 12.00 til 18.00 (45,8%) eða á kvöldin (34,9%). Tæplega 11% sögðust kaupa getraunaseðla á morgnana og um 8,6% á öllum tímum sólarhrings.

### 3.3.9 *Lengjan*

Alls höfðu 4,5% Íslendinga spilað í Lengjuni undanfarna 12 mánuði fyrir könnun. Flestir keyptu getraunaseðla í Lengjuni í verslunum, söluturnum o.s.frv. (3,8%) en 1,5% keyptu getraunaseðla í Lengjuni á Netinu (sjá nánar í töflu 5). Einnig var kannað hversu hátt hlutfall keypti getraunaseðla

í Lengjuni bæði á almennum sölustöðum og á Netinu. Alls keyptu 0,8% landsmanna getraunaseðla í Lengjuni á báðum stöðum.

### 3.3.9.1 *Getraunaseðlar í Lengjuni keyptir á almennum sölustöðum*

Gerð var greining á þátttöku í Lengjuni þar sem getraunaseðlar voru keyptir í verslunum o.s.frv. eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu F í viðauka 1). Kyn og aldur höfðu marktæk tengsl við þátttöku í Lengjuni. Þeir sem höfðu keypt getraunaseðla í Lengjuni á síðustu 12 mánuðum voru oftast karlmenn og á aldrinum 18 til 25 ára.

Að meðaltali eyddu Lengjuspilarar um 1.002 (sf = 1.658 kr.) krónum í hvert sinn sem þeir spiluðu í Lengjuni. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 500 kr.

### 3.3.9.2 *Getraunaseðlar í Lengjuni keyptir á heimasíðu Íslenskra getrauna*

Gerð var greining á þátttöku í Lengjuni þar sem getraunaseðlar voru keyptir á heimasíðu Íslenskra getrauna eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu F í viðauka 1). Kyn og aldur höfðu marktæk tengsl við þátttöku í getraunum á Netinu. Þeir sem höfðu keypt getraunaseðla í Lengjuni á heimasíðu Íslenskra getrauna á síðustu 12 mánuðum voru frekar karlmenn en konur, á aldrinum 18 til 40 ára.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir keyptu getraunaseðla í Lengjuni á heimasíðu Íslenskra getrauna. Að meðaltali eyddu netlengjuspilarar um 1.273 (sf = 2.227 kr.) krónum í hvert sinn sem þeir spiluðu í Lengjuni á heimasíðu Íslenskra getrauna. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 585 kr.

Þeir sem keyptu getraunaseðla í Lengjuni á heimasíðu Íslenskra getrauna voru einnig spurðir hvar þeir voru staddir þegar þeir keyptu rafræna getraunaseðla í Lengjuni og á hvaða tíma sólarhrings. Langflestir netlengjuspilarar kaupa getraunaseðla í Lengjuni á heimili (73,6%) en einhverjir kaupa getraunaseðla á meðan þeir eru í vinnu, skóla (20,4%) eða annars staðar (5,9%), t.d. í félagsheimilum eða hjá vinum. Þegar spurt var á hvaða tíma sólarhrings netlengjuspilarar spila helst kom í ljós að langflestir kaupa getraunaseðla í Lengjuni á Netinu eftir hádegi, frá kl. 12.00 til 18.00 (62,2%) eða á kvöldin (23,3%). Tæplega 7% sögðust kaupa getraunaseðla á morgnana og um 7,5% spiluðu á öllum tímum sólarhrings.

### 3.3.10 *Tippað í beinni á Netinu*

Alls höfðu 0,7% (n= 22) Íslendinga (einungis karlmenn) tippað í beinni á Netinu undanfarna 12 mánuði fyrir könnun (sjá nánar í töflu 5). Ekki reyndist unnt að gera frekari tölfræðigreiningar á svo fáum svörum. Þó má nefna að spilarar eyddu að meðaltali um 764 (sf = 1.074 kr.) krónum í hvert sinn sem þeir spiluðu. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 500 kr.

Þeir sem spiluðu í „tippað í beinni“ á heimasíðu Íslenskra getrauna voru einnig spurðir hvar þeir voru staddir þegar þeir spiluðu og á hvaða tíma sólarhrings. Langflestir spila á heimili (93,2%). Þegar spurt var um á hvaða tíma sólarhrings helst var spilað kom í ljós að langflestir spiluðu í „tippað í beinni“ eftir hádegi, frá kl. 12.00 til 18.00 (33,8%) eða á kvöldin (43,3%).

### 3.3.11 *Veðjað á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum*

Einungis 0,4% (n=13) þátttakenda (allt karlmenn) höfðu veðjað á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum undanfarna 12 mánuði fyrir könnun (sjá nánar töflu 6). Ekki er unnt að gera frekari tölfræðigreiningar á aðeins 12 svörum. Þó má nefna að þátttakendur eyddu venjulega á bilinu 300 kr. til 6.000 kr. þegar þeir veðjuðu á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum. Flestir spiluðu í heimahúsi (n=8) en fjórir spiluðu helst á vinnustað eða í skóla. Þátttakendur spiluðu helst eftir hádegi (n=4), á kvöldin (n=3) eða á öllum tímum sólarhrings (n=4). Spurt var á hvaða vefsíðu væri helst spilað og voru eftirfarandi vefsíður nefndar: Betsson.com (n=6), Betfair.com (n=1), fourkings.com (n=1), interwetten.com (n=1), sportinteraction.com (n=1), Unibet.com (n=1) og williamhill.com (n=1).

### 3.3.12 *Bingó*

Alls kváðust um 5,4% svarenda hafa spilað í bingó á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar í töflu 5). Gerð var greining á þátttöku í bingó eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu E í viðauka 1). Menntun, aldur, hjúskaparstaða, fjölskyldutekjur og búseta höfðu tengsl við þátttöku í bingó. Þeir sem spiluðu í bingó á síðustu 12 mánuðum voru marktækt líklegri til að hafa eingöngu lokið grunnskólamenntun, vera á aldrinum 18 til 25 ára, vera einhleypir eða fráskildir, með lágur til meðal fjölskyldutekjur og búa á landsbyggðinni.

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir spiluðu bingó. Að meðaltali eyddu bingóspilarar um 1.372 (sf = 1.402 kr.) krónum í bingó.

Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 1.000 kr.

### 3.3.13 *Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt*

Alls höfðu um 2,6% landsmanna veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar í töflu 5). Gerð var greining á þátttöku eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu F í viðauka 1). Kyn og aldur höfðu marktæk tengsl við þátttöku í veðmálum. Þeir sem veðjuðu á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt á síðustu 12 mánuðum voru oftast en ekki karlmenn, á aldrinum 18 til 25 ára.

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir veðjuðu á eigin frammistöðu. Að meðaltali eyddu veðspilarar um 1.428 (sf = 2.269 kr.) krónum í veðmál. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 1.000 kr.

### 3.3.14 *Leynileg spilavíti*

Einungis 0,4% (n=13) Íslendinga höfðu spilað peningaspil í leynilegum spilavítum á Íslandi (sjá nánar í töflu 5). Karlmenn voru í meirihluta en 11 karlar og 2 konur höfðu spilað í leynilegum spilavítum á síðustu 12 mánuðum. Ekki reyndist unnt að gera frekari tölfræðigreiningar á spurningum um leynileg spilavíti. Þó má nefna að þátttakendur eyddu venjulega á bilinu 1.000 kr. til 10.000 kr. þegar þeir spiluðu peningaspil í leynilegum spilavítum.

### 3.3.15 *Önnur peningaspil á erlendum vefsíðum (t.d. 21, rúletta o.s.frv.)*

Einungis 0,4% (n=11) Íslendinga höfðu spilað önnur peningaspil á erlendum vefsíðum undanfarna 12 mánuði fyrir könnun (sjá nánar í töflu 6). Ekki reyndist því unnt að gera frekari tölfræðigreiningar á spurningum um spilun annarra peningaspila á erlendum vefsíðum. Þó má nefna að þátttakendur eyddu venjulega á bilinu 250 kr. til 20.000 kr. þegar þeir spiluðu önnur peningaspil á erlendum vefsíðum. Þátttakendur spiluðu helst 21 [blackjack] (n=5) eða rúlettu (n=3). Flestir spiluðu í heimahúsi (n=6) en þrír spiluðu helst á vinnustað eða í skóla. Þátttakendur spiluðu helst á kvöldin (n=7). Spurt var á hvaða vefsíðu var helst spilað og voru eftirfarandi vefsíður nefndar: Betsson.com (n=6), four-kings.com (n=1), partypoker.com (n=1) og pokerstar.com (n=1).

### 3.4 Heiti vefsíðna sem svarendum datt fyrst í hug

Þátttakendur voru beðnir um að nefna þá vefsíðu sem þeim datt fyrst í hug þegar þeir hugsuðu um peningaspil á Netinu. Markmiðið með því var að meta hvaða vefsíður væru best þekktar meðal landsmanna. Um 79% (n=2.284) þátttakenda þekktu engar vefsíður þar sem peningaspil voru í boði. Alls nefndu tæplega 21% (n=620) vefsíðu og í töflu 9 má sjá hvaða síður voru oftast nefndar.


**Tafla 9.** Algengar vefsíður

Heiti vefsíðna	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)
Betsson.com	389	62,8
Betzone.com	48	7,7
Poker.com	26	4,2
Partypoker.com	24	3,9
888.com	23	3,7
Casino.com	15	2,5
Pokerstars.com	11	1,8
Bet.com	6	1,0
Pokeronline.com	5	0,8
Williamhill.com	4	0,6
Annað	68	11,0
Alls	619	100%

Betsson.com er greinilega sú vefsíða sem flestir þekkja af þeim sem nefndu vefsíðu. Einnig er athyglisvert hversu margir nefndu pókersíður. Umtalsverður fjöldi annarra síðna var einnig nefndur en fáir nefndu getraunir.is eða lotto.is. Dæmi um aðrar síður er svenskaspel.se, sportinteraction.com, royalcasino.com, vegas.com, onlinecasino.com, mansion.com, interwetten.com, fultilt.com, four-kings.com, gambling.com, gamblingonline.com, ladbrokes.com, livepoker.com, betfair.com og championship poker.com.

### 3.5 Mat á hagnaði eða tapi í peningaspilum

Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á hvort þeir hefðu hagnast eða tapað á þátttöku sinni í peningaspilum undanfarna 12 mánuði fyrir könnun. Einnig voru þeir beðnir um að áætla hagnað eða tap af þátttöku í peningaspilum á sama tíma. Á mynd 2 kemur fram mat þátttakenda á því hvort þeir hafi tapað eða hagnast á þátttöku í peningaspilum undanfarna 12 mánuði.



**Mynd 2.** Mat þátttakenda á því hvort þeir hafi hagnast eða tapað fé í peningaspilum

Flestir þátttakendur telja sig annaðhvort vera á sléttu (hvorki tapað né unnið) eða tapað lítillega á þátttöku sinni í peningaspilum. Fáir hafa tapað miklu eða hagnast mikið í peningaspilum.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að leggja mat á hversu mikið þeir hefðu hagnast eða tapað á þátttöku sinni í peningaspilum undanfarna 12 mánuði. Dreifing breyta um hagnað og tap voru jákvætt skekktar þar sem fáir höfðu annaðhvort hagnast mikið eða tapað stórum fjárhæðum. Meðaltal, staðalfrávik og miðgildi voru því reiknuð fyrir hagnað og tap þátttakenda

### 3.5.1 Hagnaður á þátttöku í peningaspilum undanfarna 12 mánuði


Rúmlega 11% þátttakanda töldu sig hafa hagnast á þátttöku sinni í peningaspilum. Meðalhagnaður þátttakenda var 183.235 kr. (sf = 1.303.405 kr.). Breytan hagnaður var mjög jákvætt skekkt og frekari athugun sýndi að einn þátttakandi sagðist hafa hagnast um 18.000.000 á síðastliðnu ári. Því ber að líta frekar til miðgildis fyrir hagnað og var miðgildi hagnaðar undanfarna 12 mánuði 11.156 kr.

### 3.5.2 Tap á þátttöku í peningaspilum undanfarna 12 mánuði

Rúmlega 52% þátttakenda sögðust hafa tapað á þátttöku sinni í peningaspilum. Meðaltap þátttakenda var 20.644 kr. (sf = 154.688 kr.). Breytan tap var mjög jákvætt skekkt og frekari athugun sýndi að einn þátttakandi sagðist hafa tapað 4.000.000 á síðastliðnu ári. Því ber að líta frekar til miðgildis fyrir tap og var miðgildi taps undanfarna 12 mánuði 6.000 kr.

### 3.6 Hvaða peningaspil er í mestu uppáhaldi hjá þér?


Þátttakendur sem höfðu spilað einhver peningaspil á undanförunum 12 mánuðum voru spurðir hvaða peningaspil væri í mestu uppáhaldi hjá þeim. Mynd 3 sýnir niðurstöður fyrir þau peningaspil sem oftast voru nefnd. Um helmingur þátttakenda átti ekkert uppáhaldsspil en þau spil sem oftast voru nefnd voru Lottó, póker (með spilum) og flokkahappdrætti.



Mynd 3. Peningaspil sem nefnd voru sem uppáhaldsspil

### 3.7 Hvaða peningaspil, ef eitthvað, veldur þér helst vanlíðan, t.d. kvíða, depurð eða streitu?

Þátttakendur sem höfðu spilað peningaspil undanfarna 12 mánuði voru einnig beðnir um að nefna hvaða peningaspil, ef eitthvað, ylli þeim helst vanlíðan. Tæplega 96% af svarendum sögðu að ekkert peningaspil ylli þeim vanlíðan og um 1,5% svaraði ekki spurningunni. Aðeins 83 þátttakendur nefndu peningaspil. Til að skoða þau peningaspil sem oftast voru nefnd var aðeins reiknað hlutfall fyrir þá sem nefndu einhver peningaspil. Taka þarf niðurstöðum með þeim fyrirvara að hlutfall endurspeglar ekki hlutfall af öllu úrtakinu heldur aðeins meðal þeirra 83ja sem töldu sig líða fyrir þátttöku sína í peningaspilum. Niðurstöður má sjá í mynd 4 og þar má sjá að rúmlega þriðjungur nefnir spilakassa og tæplega 20% póker.




Mynd 4. Peningaspil sem nefnd voru sem orsök vanlíðunar hjá þátttakendum

### 3.8 Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum

Í faraldsfræðilegum rannsóknum er mikilvægt að kanna af hverju fólk spilar í peningaspilum. Í þessari rannsókn voru þátttakendur sem höfðu spilað peningaspil á undanförunum 12 mánuðum beðnir um að taka afstöðu til 10 mismunandi ástæðna fyrir þátttöku sinni í peningaspilum. Fyrir hverja spurningu svöruðu þátttakendur á fimm punkta stiku hversu sammála eða ósammála þeir



voru ástæðum fyrir þátttöku sinni (sjá spurningu nr. 38 í spurningalista í viðauka 2). Meðaltöl má sjá í mynd 5.




**Mynd 5.** Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum

Almennt séð virðast þátttakendur helst spila peningaspil til að styrkja gott málefni en einnig spilar fólk helst peningaspil ánægjunnar vegna eða til að græða peninga.

### 3.9 Mat á ánetjunarhættu peningaspila

Könnuð voru viðhorf fólks til þess hversu ánetjandi það telur mismunandi tegundir af peningaspilum vera. Var þetta gert með því að spyrja þátttakendur eftirfarandi spurningar: Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þátttaka í eftirfarandi peningaspilum geti leitt til spilafíknar? Þátttakendur tóku afstöðu til 15 mismunandi tegunda peningaspila á stikunni (1) mjög ólíklegt, (2) frekar ólíklegt, (3) hvorki né, (4) frekar líklegt og (5) mjög líklegt (sjá spurningu nr. 48 í viðauka 2). Meðaltöl fyrir hverja tegund peningaspila má sjá í mynd 6.



**Mynd 6.** Mat þátttakenda á ánetjunarhættu peningaspila

Almennt séð er þátttaka í spilakössum, netpóker, póker og öðrum peningaspilum (t.d. rúlletta, 21) á Netinu talin helst geta leitt til spilafíknar en þátttaka í flokkahappdrætti og Lottó einna síst.

### 3.10 Spilafíkn

#### 3.10.1 Algengi spilafíknar árið 2007

Þeir sem höfðu spilað í a.m.k. einu peningaspili á síðustu 12 mánuðum svöruðu 9 atriða matskvarða er nefnist Problem Gambling Severity Index er metur alvarleika spilavanda. Í töflu 10 má sjá niðurstöður á mati á algengi spilafíknar meðal þjóðarinnar. Um 6,2% telst vera í dálítilli áhættu með að þróa með sér spilavanda (e. low risk gambling), 1,3% í töluverðri áhættu (e. moderate risk gambling) og 0,3% (0,2-0,6) uppfyllir greiningarskilmerki PGSI fyrir líklega spilafíkn (e. probable pathological gambling).

**Tafla 10.** Greining spilafíknar fyrir allt úrtakið samkvæmt PGSI

Skor	Greiningarhópur	%	n	Öryggisbil (95%)	
				Lægri mörk	Efri mörk
-	Spila engin peningaspil	32,8	989	31,2	34,5
0	Spila án vandkvæða	59,4	1.797	57,6	61,1
1 - 2	Lítill hætta á vanda vegna peningaspila	6,2	169	5,4	7,1
3 - 7	Nokkur hætta á vanda vegna peningaspila	1,3	35	0,9	1,7
8+	Líkleg spilafíkn	0,3	8	0,2	0,6

Algengt er í rannsóknum af þessum toga að hópunum „nokkur hætta á vanda“ og „líkleg spilafíkn“ sé slegið saman í einn hóp um spilavanda. Spilavandi tekur þá til þess hóps sem á í verulegum vandkvæðum vegna þátttöku sinnar í peningaspilum. Algengi spilavanda reyndist vera 1,6% (öryggisbil: 1,2 - 2,1).

Séu þessar tölur heimfærðar yfir á alla Íslendinga á aldrinum 18 – 70 ára í landinu (N = 209.274) má halda því fram með 95% öryggi að á bilinu 418 – 1.255 Íslendingar á aldrinum 18 – 70 ára eigi við líklega spilafíkn að stríða. Ef reiknað er fyrir spilavanda (1,6%) má gera ráð fyrir að u.þ.b. 3.350 (öryggisbil: 2.511 - 4.400) Íslendingar eigi við verulegan vanda að stríða vegna þátttöku sinnar í peningaspilum.

Algengt er í rannsóknum af þessu tagi að kanna einnig algengi greiningarhópa spilavanda eingöngu á meðal þeirra sem spila peningaspil. Niðurstöður sýna að 0,5% af þeim sem spila peningaspil uppfylla greiningarskilyrði PGSI um líklega spilafíkn og 1,9% til viðbótar eiga í verulegum vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum (sjá töflu 11).

**Tafla 11.** Greining spilafíknar á meðal þeirra sem spiluðu peningaspil undanfarna 12 mánuði samkvæmt PGSI

Skor	Greiningarhópur	%	n	Öryggisbil (95%)	
				Lægri mörk	Efri mörk
0	Spila án vandkvæða	88,4	1.797	86,9	89,7
1 - 2	Lítill hætta á vanda vegna peningaspila	9,3	169	8,0	10,6
3 - 7	Nokkur hætta á vanda vegna peningaspila	1,9	35	1,4	2,6
8+	Líkleg spilafíkn	0,5	8	0,2	0,8

Í framhaldi voru tengsl PGSI og baksviðsbreyta könnuð. Eins og sjá má í töflu 12 voru nokkur tengsl milli greiningarhópa PGSI og baksviðsbreyta. Karlar voru mun líklegri en konur til að eiga við spilavanda að stríða. Einnig komu í ljós marktæk tengsl greiningarhópa spilavanda við menntun, aldur, hjúskaparstöðu og fjölskyldutekjur. Spilavandi virðist þannig algengari meðal

þeirra sem eru á aldrinum 18 til 25 ára en þeirra sem eldri eru. Einnig virðist spilavandi vera algengari meðal þeirra sem hafa grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun miðað við þá sem hafa háskólamenntun. Einnig eru tengsl á milli fjölskyldutekna og spilavanda, en hlutfall spilavanda er hærra meðal þeirra sem eru með undir 400.000 kr. í tekjur en þeirra sem hafa hærri tekjur. Loks virðist spilavandi einnig vera algengari meðal einhleypra en annarra hjúskaparhópa. Engin tengsl voru hins vegar milli búsetu og spilavanda.

**Tafla 12.** Algengi spilavanda eftir baksviðsbreytum

	Spila ekki	Án vandkvæða	Lítill hætta	Spilavandi	Kíkvæðrat
	%	%	%	%	
<b>Kyn</b>					<b>75,75***</b>
Karlar	30,0	58,1	9,4	2,4	
Konur	35,8	60,7	2,8	0,6	
<b>Menntun</b>					<b>29,73***</b>
Grunnskóli	29,0	61,1	8,0	1,9	
Framhaldsskóli	31,0	60,9	6,5	1,6	
Háskóli	38,9	55,7	4,3	1,1	
<b>Aldursflokkar</b>					<b>133,86***</b>
18 – 25 ára	38,2	44,1	14,0	3,7	
26 – 40 ára	32,2	59,3	7,2	1,2	
41 – 55 ára	33,4	62,2	3,3	1,2	
56 – 70 ára	28,1	68,5	2,5	0,9	
<b>Hjúskaparstaða</b>					<b>86,62***</b>
Einhleyp/ur	36,1	48,1	12,6	3,2	
Hjónaband/sambúð	32,3	61,9	4,7	1,2	
Fráskilin(n)	32,6	62,9	3,0	1,5	
Ekkill/ekkja	20,0	77,5	2,5	0,0	
<b>Fjölskyldutekjur</b>					<b>56,51***</b>
Undir 250 þ.	35,2	48,7	13,3	2,9	
250-399 þ.	30,6	59,6	7,1	2,6	
400-549 þ.	32,2	61,6	4,7	1,6	
550 – milljón	29,4	63,6	5,8	1,2	
Milljón og meira	35,3	61,5	1,9	1,3	
<b>Búseta</b>					<b>9,25</b>
Reykjavík	32,7	59,1	6,3	1,9	
Höfuðborgarsvæði	36,4	56,9	5,2	1,5	
Landsbyggðin	30,7	61,3	6,7	1,3	

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$

### 3.10.2 Tengsl greiningarhópa spilavanda og þátttöku í peningaspilum

Tafla 13 sýnir þátttöku í peningaspilum eftir greiningarhópum spilavanda. Þegar þátttaka í öllum peningaspilum er skoðuð kemur ekki á óvart að þeir sem eiga við spilavanda að stríða segjast oftast en aðrir spila einu sinni í viku eða oftast í peningaspilum. Þegar þátttaka a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum er skoðuð fyrir mismunandi tegundir peningaspila má sjá að þeir sem eiga í spilavanda spila í meira mæli flest peningaspil en þeir sem spila vandkvæðalaust. Munurinn er mestur hvað varðar spilakassa, póker (með spilum) og netpóker. Einnig er töluverður munur milli hópa á notkun skafmiða, getrauna, Lengjunnar, bingó og þess að veðja á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt. Athyglisvert er að þeir sem spila peningaspil vandkvæðalaust spila marktækt meira í flokkahappdrætti eða eru í lottóáskrift á Netinu en þeir sem eiga við spilavanda að stríða.

Í framhaldi var kannað hvort munur væri á fjölda peningaspila sem þátttakendur spiluðu undanfarna 12 mánuði eftir greiningarhópum spilavanda. Þeir sem spiluðu án vandkvæða spiluðu að meðaltali 1,8 (sf = 1,04) peningaspil, þeir sem voru í litlum vanda að meðaltali 3,2 (sf = 2,15) peningaspil og þeir sem áttu við spilavanda að stríða spiluðu að meðaltali í 3,94 (sf = 2,15) peningaspilum. Munur var marktækur milli hópa ( $F(2, 2012)=176,012, p \leq 0.001$ ). Munur á milli hópa var kannaður og reyndist hann aðeins vera á milli þeirra sem spiluðu vandkvæðalaust og þeirra sem áttu við einhvern spilavanda að stríða.

**Tafla 13.** Þátttaka í peningaspilum eftir greiningarhópum spilavanda

	Spilar vandkvæðalaust n = 1.797	Lítil áhætta vegna þátttöku n = 169	Spilavandi n = 43	Allir n = 2009
<b>Heildarþátttaka í peningaspilum***</b>				
Sjaldnar en mánaðarlega	39,8	38,9	31,9	39,5
A.m.k. mánaðarlega	41,4	39,5	21,3	40,8
Vikulega eða oftar	18,8	21,6	46,8	19,7
<b>Eftir tegundum peningaspila</b>				
Lottó á sölustöðum	60,1	52,4	59,6	59,4
Lottó á Netinu*	10,1	12,4	0,0	10,0
Lottó í áskrift á Netinu**	12,8	5,9	6,4	12,0
Flokkahappdrætti***	42,3	29,6	23,4	40,7
Skafmiðar***	25,3	42,8	47,8	27,4
Skafmiðar á Netinu <sup>a</sup>	0,1	0,5	0,0	0,1
Spilakassar***	12,0	46,2	59,6	16,3
Spilakassar á Netinu <sup>a</sup>	0,3	2,2	4,3	0,5
Póker (með spilum)***	7,8	45,7	42,6	12,1
Netpóker <sup>a</sup>	0,8	7,5	21,3	1,9
Bridge, vist (önnur borðspil) <sup>a</sup>	0,6	1,6	8,5	0,9
Getraunir (1x2)***	6,5	22,6	27,7	8,5
Getraunir (1x2) á Netinu***	2,6	9,7	2,1	3,2
Lengjan***	3,8	18,2	25,5	5,7
Lengjan á Netinu <sup>a</sup>	1,6	8,1	2,1	2,2
Tippað í beinni á Netinu <sup>a</sup>	0,6	3,8	10,6	1,1
Íþróttakappleikir á Netinu <sup>a</sup>	0,4	1,1	6,4	0,6
Bingó***	7,0	13,9	21,3	8,0
Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt***	2,0	16,1	27,7	3,9
Leynileg spilavíti <sup>a</sup>	0,2	4,3	4,3	0,6
Önnur peningaspil á Netinu <sup>a</sup>	0,3	2,2	2,1	0,5

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ . <sup>a</sup> Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

### 3.10.3 Sérstök tengsl baksviðspáttá og þátttöku í peningaspilum við spilavanda

Ofangreindar einbreytugreiningar benda til að flestar baksviðsbreytur og reglubundin þátttaka í sumum tegundum peningaspila séu allt hugsanlegir áhættuþættir fyrir spilavanda meðal fullorðinna. Það er hins vegar áhugavert að kanna tengsl þessara breyta við spilavanda eftir að búíð er að stemma sameiginlega dreifingu breyta. Til dæmis er hugsanlegt að aldur þátttakenda skýri tengsl spilavanda við hjúskaparstöðu þar sem yngstu þátttakendurnir eru líklegastir til að vera einhleypir. Einnig er hugsanlegt að óskýrð samdreifni milli mismunandi tegunda peningaspila hafi áhrif á tengsl þessara breyta við spilavanda, þar sem þeir sem eiga við spilavanda að stríða spila í fleiri tegundum peningaspila en þeir sem spila vandkvæðalaust.

Til að kanna þetta nánar var gerð þrepaskipt fjölbreytu lógistísk aðhvarfsgreining (hierarchical loglinear multiple regression) á spilavanda (0 = ekki spilavandi; 1 = spilavandi). Til að stemma áhrif baksviðsbreyta voru á þrepi 1 settar inn breytur kyn, menntun, aldur og búseta. Fjölskyldutekjur voru ekki hafðar með í þessari greiningu þar sem þriðjungur þátttakenda gaf ekki upplýsingar um tekjur sínar. Einnig var breytunni búsetu sleppt þar sem hún hafði ekki marktæk tengsl við spilavanda í einbreytugreiningu (sjá töflu 12). Eftir að búíð er að stemma áhrif baksviðsbreyta var þátttaka í mismunandi tegundum peningaspila (1=spila peningaspil, 0=spila ekki peningaspil) sett inn á þrepi 2. Þar sem þátttaka í mismunandi tegundum peningaspila á Netinu var lítil, voru notaðar samsettar breytur fyrir peningaspil á Netinu. Annars vegar breytan „peningaspil á innlendum vefsíðum [Lottó á Netinu; áskrift í Lottó; getraunir (1x2) á Netinu og Lengjan á Netinu]“ og hins vegar „peningaspil á erlendum vefsíðum [skafmiðar, spilakassar, netpóker, veðmál um úrslit íþrótta-kappleikja og önnur peningaspil, t.d. rúletta, 21 o.s.frv.]“. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir þær breytur er höfðu marktæk tengsl við spilavanda eru sýndar í töflu 14.

**Tafla 14.** Tengsl baksviðsbreyta og þátttöku í peningaspilum við spilavanda (þrepaskipt logistic aðhvarfsgreining)

	B	Wald próf	Áhættuhlutfall (odds ratio)	Öryggisbil áhættuhlutfalla (odds ratio)
<b>Þrep 1</b>				
Kyn	1,502	13,952**	4,490	2,042-9,873
<b>Þrep 2</b>				
Spilakassar	1,660	14,537**	5,259	2,240-12,346
Veðjað á eigin frammistöðu	1,400	7,290**	4,054	1,468-11,197
Peningaspil á erlendum vefsíðum	2,013	12,344**	7,482	2,435-22,995

Líkan fyrir skref 1 ( $\chi^2 = 33,6644, p \leq 0.001$ ): Líkan fyrir skref 2 ( $\chi^2 = 117,599, p \leq 0.001$ ).

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.001$ .


n = 2890

Af baksviðsbreytum hefur eingöngu kyn marktæk tengsl við spilavanda og reyndist áhættan (e. odds) fyrir greiningu spilavanda vera 4,5 sinnum meiri fyrir karla en konur (sjá þrep 1 í töflu 14).

Athyglisvert var að eftir að búið var að stilla áhrif baksviðsbreyta og samdreifni milli peningaspila reyndust aðeins tengsl þátttöku í spilakössum, veðmálum um eigin frammistöðu í leik eða íþrótt og peningaspil á erlendum vefsíðum marktæk fyrir spilavanda (sjá þrep 2 í töflu 14).

### 3.10.4 Tengsl spilavanda við eyðslu í peningaspil undanfarna 12 mánuði

Kannað var hvort munur væri á eyðslu í peningaspil eftir spilavandahópum. Fyrst voru reiknuð tengsl spilavanda við heildarmat á því hvort þátttakendur teldu sig hafa tapað eða hagnast á þátttöku sinni í peningaspilum undanfarna 12 mánuði. Síðan var kannað hvort munur væri á milli spilavandahópa hvað varðar fjárhæðir (miðgildi) sem fólk hafði annaðhvort hagnast eða tapað í peningaspilum. Að síðustu voru reiknuð tengsl á milli meðaleyðslu í hvert peningaspil og spilavanda. Mynd 7 sýnir hlutfall þeirra sem hafa hagnast eða tapað í peningaspilum undanfarna 12 mánuði eftir spilavandahópum.



**Mynd 7.** Hlutfall spilavandahópa fyrir hagnað eða tap í peningaspilum

Tengsl spilavanda og heildarmats á hagnaði eða tapi í peningaspilum voru marktæk ( $\chi^2(4, N=1.962)=44,320, p \leq 0,001$ ). Fáir þeirra sem spila vandkvæðalaust telja sig hafa hagnast á spila-mennsku sinni, flestir eru annaðhvort á sléttu eða hafa tapað fé. Á meðal þeirra sem stríða við spila-



vanda telur rúmlega fimmtungur að þeir hafi hagnast á spilamennsku sinni en flestir telja sig þó hafa tapað á þátttöku sinni í peningaspilum.

Í framhaldi var athugað hvort munur væri á þeim upphæðum sem spilavandahópar höfðu unnið eða tapað undanfarna 12 mánuði (sjá töflu 15). Einungis eru birt miðgildi fyrir upphæðir þar sem dreifing beggja breyta (hagnaður/tap) var mjög skekkt og jaðargildi mjög há. Ekki er lagt mat á hvort munur sé marktækur eða ekki.

**Tafla 15.** Upphæðir sem fólk segist hafa tapað eða unnið í peningaspilum eftir spilavandahópum

Greiningarhópur	Hagnast í peningaspilum	Tapað í peningaspilum
	Miðgildi	Miðgildi
Spila án vandkvæða	14.000	6.000
Lítill hætta á vanda vegna peningaspila	10.000	7.100
Spilavandi	71.153	20.000

Athyglisvert er að þeir sem eiga við spilavanda að stríða telja að þeir hafi unnið og tapað umtalsvert hærrí fjárhæðum en þeir sem eiga við lítinn vanda að stríða eða spila vandkvæðalaust.

Að síðustu var reiknuð meðaleyðsla í mismunandi tegundir peningaspila eftir spilavandahópum. Fyrir margar tegundir peningaspila voru of fáir með spilavanda til að hægt væri að reikna meðaltöl spilavandahópa. Tafla 16 sýnir meðaleyðslu í þau peningaspil sem hægt var að reikna fyrir eftir spilavandahópum. Þeir sem eiga í vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum eyddu marktækt meira fé í spilakassa, flokkahappdrætti og póker en þeir sem spila vandkvæðalaust.

**Tafla 16.** Meðaleyðsla í peningaspil eftir greiningarhópum spilavanda

Tegund peningaspila	Spilar	Lítill áhætta	Spilavandi
	vandkvæðalaust	vegna þátttöku	
	M (SF)	M (SF)	M (SF)
Lottó á sölustöðum	2.108 kr. (16.528)	5.908 kr. (35.966)	1.312 kr. (1.694)
Flokkahappdrætti**	2.038 kr. (1.706)	2.067 kr. (2.438)	3.981 kr. (6.944)
Skafmiðar	378 kr. (2.448)	1.044 kr. (6.322)	204 kr. (193)
Spilakassar***	376 kr. (745,0)	990 kr. (2.318)	11.045 kr. (23.458)
Póker (með spilum)*	2.116 kr. (4.333)	4.866 kr. (11.749)	4.072 kr. (4.080)
Getraunir (1x2)	1.178 kr. (3.212)	1.441 kr. (3.017)	1.942 kr. (3.218)
Lengjan	959 kr. (1.423)	1.182 kr. (2.255)	739 kr. (747)
Bingó	1.321 kr. (1.370)	1.494 kr. (1.393)	1.680 kr. (1.834)
Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt	1.141 kr. (1.041)	1.273 kr. (1.931)	2.538 kr. (4.372)

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ .

### 3.10.5 Tengsl greiningarflokka spilavanda og ástæðna fyrir þátttöku í peningaspilum

Kannað var hvort munur væri á ástæðum fyrir þátttöku í peningaspilum eftir greiningarflokkum spilavanda. Til að einfalda greiningu voru svör við spurningum um ástæður endurkóðaðar í þrjú flokka breytu þar sem gildunum 1 (mjög ósammála) og 2 (ósammála) var slegið saman í „ósammála“, gildunum 4 (sammála) og 5 (mjög sammála) var slegið saman í „sammála“ og gildinu 3 (hvorki sammála né ósammála) var haldið óbreytt. Niðurstöður fyrir þá sem voru sammála ástæðum má sjá í töflu 17.

Þeir sem eiga við spilavanda að stríða voru í meira mæli sammála að þeir spili spennunnar vegna, til þess að græða peninga og til að drepa tímann en þeir sem spila vandkvæðalaust. Athyglisvert var að þeir sem spila vandkvæðalaust voru í meira mæli sammála því að þeir spili peningaspil til að styðja gott málefni en þeir sem eiga við vanda að stríða vegna þátttöku sinnar í peningaspilum.

**Tafla 17.** Ástæður fyrir að spila peningaspil eftir greiningarflokkum spilavanda

Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum	Spilar	Lítill áhætta	Spilavandi	Kíkvæðrat
	vandkvæðalaust %	vegna þátttöku %	%	
a. Spennunnar vegna	29,6	55,7	74,5	95,37***
b. Til þess að græða peninga	52,3	53,0	80,9	19,19**
c. Til að styðja gott málefni	71,3	45,9	29,8	83,56***
d. Ánægjunnar vegna	52,3	78,0	72,3	50,57***
e. Til að dreifa huganum frá áhyggjum hversdagsins	7,0	16,2	31,9	56,07 <sup>a</sup>
f. Til að draga úr depurð eða þunglyndi	4,8	6,0	19,1	20,08 <sup>a</sup>
g. Til að nýta spilahæfileika mína	7,8	28,3	31,9	118,10 <sup>a</sup>
h. Til að drepa tímann	17,5	41,6	51,1	102,30***
i. Vegna þess að það er góð leið til að hitta annað fólk	12,5	39,5	34,0	145,86***
j. Vegna þess að það er ódýr afþreying	10,2	23,0	15,2	46,94***

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ . <sup>a</sup> Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktektarprófs

### 3.10.6 Tengsl greiningarflokka spilavanda við ýmsar spurningar

Þeir sem spiluðu peningaspil undanfarna 12 mánuði voru spurðir eftirfarandi fjögurra spurninga:

1. Hvað varstu gamall/gömul þegar þú spilaðir peningaspil í fyrsta sinn?
2. Hefur þú spilað peningaspil á meðan þú varst drukkin(n) eða undir áhrifum vímuefna á síðustu 12 mánuðum?
3. Hefur þú fundið fyrir sterkri löngun til að spila peningaspil þegar mikið hefur gengið á í lífi þínu síðustu 12 mánuði?
4. Manstu eftir að hafa fengið stóran vinning um það leyti sem þú byrjaðir fyrst að spila peningaspil?

Niðurstöður voru reiknaðar eftir spilavandahópum og má sjá í töflu 18. Þeir sem áttu í vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum byrjuðu yngri að spila en þeir sem spila vandkvæðalaust. Einnig voru þeir líklegri til að hafa spilað drukknir eða undir áhrifum vímuefna og fundið fyrir sterkri löngun til að spila peningaspil þegar mikið gekk á í lífi þeirra en þeir sem eru í lítilli áhættu eða spila vandkvæðalaust. Loks var áhugavert að þeir sem eiga við spilavanda að stríða muna frekar eftir að hafa fengið stóran vinning um það leyti sem þeir byrjuðu að spila peningaspil en þeir sem spiluðu vandkvæðalaust.

**Tafla 18.** Tengsl spilavanda við ýmsar spurningar

	<b>Spilar vandkvæðalaust</b>	<b>Lítill áhætta vegna þátttöku</b>	<b>Spilavandi</b>	<b>Marktekt</b>
1. Aldur þegar peningaspil var spilað í fyrsta sinn	18,2 ára (sf=9,69)	15,6 ára (sf=7,50)	15,5 ára (sf=8,47)	$p \leq 0.01$
2. Spilað drukkin(n) eða undir áhrifum vímuefna.	8,2%	43,2%	55,3%	$p \leq 0.001$
3. Löngun til að spila peningaspil þegar mikið gekk á í lífinu.	1,1%	2,2%	21,3%	$p \leq 0.001$
4. Fengið stóran vinning í upphafi spilamennsku	7,7%	14,1%	26,1%	$p \leq 0.001$

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ .

### 3.10.7 Spilavandi hjá fjölskyldu, vinum eða vinnufélögum

Þátttakendur voru spurðir hvort einhver eða einhverjir sem tengjast þeim fjölskyldu- eða vina-böndum hefði átt við spilavanda að stríða að þeirra mati á síðustu 12 mánuðum fyrir könnun. Alls töldu 15,2% þátttakenda að einhver þeim tengdur ætti við spilavanda að stríða og reyndist enginn

munur vera á hlutfalli karla og kvenna. Athyglisvert er hversu margir telja sig þekkja fólk sem stríðir við spilavanda en hlutfallið er næstum því 10 sinnum hærra en algengi spilavanda var í þessari könnun. Líklega er um ofmat að ræða. Athyglisvert er í því samhengi að skoða hver tengsl svarenda var við þá sem það taldi eiga við spilavanda að stríða (sjá töflu 19). Eins og sjá má í töflu 19 voru vinir/vinkonur eða önnur skyldmenni oftast nefnd með hugsanlegan spilavanda. Þeir sem standa fólki næst, þ.e. makar, börn, foreldrar eða systkin voru mun sjaldnar nefnd sem bendir til þess að huglægt mat fólks á spilamennsku fjarskyldra ættingja eða vina er ekki áreiðanlegt mat á spilavanda.

**Tafla 19.** Tengsl svarenda við fólk sem það telur eiga við spilavanda að stríða


Tengsl við svarendur	Fjöldi	Hlutfall
		%
Maki (sambýlismaður/kona)	9	2,0
Foreldri	27	6,0
Systkin	44	10,0
Barn (eigið barn eða fósturbarn)	14	3,2
Önnur skyldmenni	133	30,1
Vinur eða vinkona	181	41,0
Vinnufélagi	33	7,6
Allir	441	100%

## 4. Samanburður á niðurstöðum kannana árin 2005 og 2007

Eins og kom fram í inngangi var gerð sambærileg rannsókn á vormánuðum 2005 þar sem einnig var spurt nokkuð ítarlega um spilahegðun Íslendinga síðustu 12 mánuði fyrir könnun. Árið 2005 var notað sama mælitæki til að meta algengi spilafíknar (PGSI) og gert er í þessari rannsókn sem býður upp á nákvæman samanburð á milli ára. Hér að neðan verða meginniðurstöður beggja rannsókna bornar saman og kannað hvort það hafi orðið miklar breytingar á spilahegðun eða algengi spilafíknar á þessu tveggja og hálfis árs tímabili.

### 4.1 Heildarþátttaka í peningaspilum árin 2005 og 2007

Borin var saman heildarþátttaka í peningaspilum undanfarna 12 mánuði fyrir árin 2005 og 2007 (sjá mynd 8). Þátttaka í peningaspilum hefur lítið breyst á þessum tveimur árum, aðeins hefur dregið úr heildarþátttöku og aðeins fleiri spiluðu vikulega eða oftár árið 2007 en gerðu árið 2005. Kannað var hvort mismunur hlutfalla á milli ára fyrir hvern spilahóp væri marktækur. Í ljós kom að aðeins færri spiluðu peningaspil a.m.k. mánaðarlega árið 2007 en gerðu árið 2005 ( $Z = 2.33$ ,  $p \leq 0.05$ ). Enginn munur reyndist vera á milli ára fyrir aðra spilahópa ( $p \geq 0.05$ ).



Mynd 8. Samanburður á þátttöku í peningaspilum árin 2005 og 2007

Í framhaldi var athugað hvort einhverjar breytingar væru á milli ára í spilahegðun karla og kvenna. Niðurstöður má sjá í töflu 20. Litlar breytingar höfðu orðið á spilahegðun kynjanna, aðeins dregið úr heildarspilun bæði karla og kvenna en vikuleg spilun hafði aukist lítillega. Karlar spiluðu marktækt meira en konur bæði árin.

**Tafla 20.** Samanburður á heildarþáttöku í peningaspilum fyrir árin 2005 og 2007 eftir kyni

	Árið 2005		Árið 2007	
	Karlar	Konur***	Karlar	Konur***
Aldrei spilað peningaspil	28,2	32,9	30,3	35,9
Spilað sjaldnar en mánaðarlega	27,7	26,8	28,2	24,5
A.m.k. mánaðarlega	29,6	31,1	26,2	28,5
Vikulega eða oft	14,4	9,2	15,3	11,1

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ .

#### 4.2 Þátttaka í mismunandi tegundum peningaspila árin 2005 og 2007

Í töflu 21 má sjá samanburð á heildarþáttöku annars vegar og vikulegri þáttöku hins vegar í mismunandi tegundum peningaspila fyrir árin 2005 og 2007. Færri höfðu keypt lottómiða a.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði árið 2007 en höfðu gert árið 2005. Hins vegar voru fleiri sem spiluðu vikulega eða oft í Lottó árið 2007 en gerðu árið 2005. Þegar önnur peningaspil eru skoðuð má sjá að fleiri höfðu lagt fé undir a.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði í spilum (póker, bridge, vist o.s.frv.), bingó og á erlendum vefsíðum árið 2007 en gerðu árið 2005. Líklega er sú aukning sem er í þáttöku í spilum á milli ára fyrst og fremst í póker, en árið 2007 höfðu 8,2% þátttakenda spilað póker upp á peninga en aðeins 0,6% aðrar tegundir borðspila. Færri höfðu spilað í getraunum (1x2) árið 2007 en gerðu árið 2005. Að lokum er athyglisvert að þótt munur á heildarþáttöku í spila-kössum væri ekki marktækur milli ára voru það marktækt færri sem spiluðu í spila-kössum vikulega eða oft árið 2007 en gerðu árið 2005.


**Tafla 21.** Samanburður á spilahegðun Íslendinga árin 2005 og 2007

Tegund peningaspila	Tíðni þátttöku			
	A.m.k. einu sinni á síðasta ári		Vikulega eða oftar	
	Árið 2005	Árið 2007	Árið 2005	Árið 2007
Lottó	56,2	45,7**	9,2	10,8*
Flokkahappdrætti (öll)	27,0	27,4	-	-
Skafmiðar	16,5	18,5	0,3	0,2
Spilakassar	12,0	11,0	1,2	0,5**
Getraunir (1x2)	7,8	6,9*	1,4	1,2
Lengjan	3,9	4,5	0,4	0,4
Lagt undir í spilum	3,5	8,5**	0,1 <sup>a</sup>	0,6
Bingó	3,8	5,4**	0,1 <sup>a</sup>	0,1 <sup>a</sup>
Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt	1,9	2,6	0,1 <sup>a</sup>	0,4
Leynileg spilavíti	0,2	0,4	0,0	0,0
Netið (erlendar vefsíður)	0,4	1,6**	0,1 <sup>a</sup>	0,4

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ . <sup>a</sup> Fjöldi í reit uppfyllti ekki skilyrði marktæktarprófs.

### 4.3 Samanburður á greiningarhópum spilavanda

Kannað var hvort munur væri á greiningarhópum spilavanda milli ára. Eins og sjá má á mynd 9 er almennt lítil breyting milli ára, nema helst fyrir þá sem falla í hópinn „lítil hætta á vanda vegna peningaspila“ en þeir voru töluvert fleiri árið 2007 en 2005. Kannað var hvort munur hlutfalla milli ára væri marktækur fyrir hvern greiningarhóp spilavanda. Í ljós kom að hlutfallslega fleiri falla í hópinn „lítil hætta á vanda vegna peningaspila“ árið 2007 en gerðu árið 2005 ( $Z = 3.61$ ,  $p \leq 0.01$ ). Enginn munur reyndist vera á milli ára fyrir aðra greiningarhópa spilavanda ( $p \geq 0.05$ ).



**Mynd 9.** Samanburður á greiningarhópum spilavanda fyrir árin 2005 og 2007

Að lokum var kannað hvort munur væri á spilavandahópum eftir kyni milli ára. Niðurstöður má sjá í töflu 22.

**Tafla 22.** Samanburður á greiningarhópum spilavanda fyrir árin 2005 og 2007 eftir kyni

	Árið 2005		Árið 2007	
	Karlar	Konur***	Karlar	Konur***
Aldrei spilað peningaspil	29,3	33,9	30,0	35,8
Spilað án vandkvæða	63,5	62,6	58,1	60,7
Lítil hætta á vanda vegna peningaspila	4,9	2,8	9,4	2,8
Nokkur hætta á vanda vegna peningaspila	1,5	0,6	1,9	0,6
Líkleg spilafíkn	0,7	0,2	0,5	0,1

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ .

Litlar breytingar höfðu orðið á algengi mismunandi greiningarhópa spilavanda milli ára hjá bæði körlum og konum. Stærsti munurinn var innan hópsins „lítil hætta á vanda vegna peningaspila“ en þar má sjá að aukningin í þessum hópi var eingöngu meðal karla en engin breyting var á milli ára fyrir konur. Karlar voru marktækt líklegri en konur til að greinast með líklega spilafíkn bæði árin.



## 4.4 Samantekt

Almennt séð er tiltölulega lítil munur á spilahegðun Íslendinga milli ára 2005 og 2007. Helsti munurinn var að færri sögðust hafa spilað í Lottó árið 2007 en árið 2005 en vikuleg þátttaka í Lottó var þó meiri árið 2007 en 2005. Einnig leggja fleiri fé undir í spilum árið 2007 en gerðu árið 2005 og má væntanlega rekja það til aukinna vinsælda pókers á meðal ungra karlmannna. Fleiri leggja fé undir í peningaspilum á erlendum vefsíðum árið 2007 en gerðu árið 2005 og er netpóker vinsælasta gerð peningaspila sem spilað er á erlendum vefsíðum.

Samanburður á algengi líklegrar spilafíknar og spilavanda sýndi að enginn munur var á milli ára fyrir þessa tvo hópa. Í reynd var algengi spilavanda (1,6%) nákvæmlega það sama fyrir bæði árin. Einungis var fjölgun að merkja fyrir hópinn „lítil hætta á vanda vegna peningaspila“ þar sem fleiri féllu í þann hóp árið 2007 en gerðu árið 2005. Ekki er hægt að fullyrða að svo stöddu að þeir sem eru í þessum hópi eigi mögulega eftir að þróa með sér spilafíkn þar sem einnig er hugsanlegt að þeir dragi úr spilamennsku sinni og spili vandkvæðalaust. Einungis er hægt að skera úr um það með framhaldsrannsókn þar sem sömu þátttakendum verður fylgt eftir næstu árin og er sú rannsókn nú þegar í undirbúningi.

## 5. Heimildaskrá

- American Psychiatric Association. (2000). *Diagnostic and statistical manual of the mental disorders; Text Revision (DSM-IV-TR)* (4. útg.). Washington: APA.
- Becoña, E. (1996). Prevalence Surveys of Problem and Pathological Gambling in Europe: The Cases of Germany, Holland and Spain. *Journal of Gambling Studies*, 12, 179 – 192.
- Becoña, E. (1997). Pathological gambling in spanish children and adolescents: An emerging problem. *Psychological Reports*, 81, 275-287.
- Bondolfi, G., Osiek, C. og Ferrero, F. (2000). Prevalence estimates of pathological gambling in Switzerland. *Acta Psychiatrica Scandinavia*, 101, 473 – 475.
- Bonke, J. og Borregaard, K. (2006). *Ludomani i Danmark. Udbredelsen af pengespil og spilleproblemer [Pathological gambling in Denmark. Distribution of gambling and problem gambling]*. SFI-report 06:12.
- Cox, B.J., Yu, N., Afifi, T.O. og Ladouceur, R. (2005). A national survey of gambling problems in Canada. *Canadian Journal of Psychiatry*, 50, 213-217.
- Daníel Þór Ólason, Herdís Finnbogadóttir, Margrét Aðalheiður Hauksdóttir og Sigríður Karen Bárudóttir (2003). *An Icelandic version of the Problem Gambling Severity Index: A psychometric evaluation*. Erindi flutt á ráðstefnu norrænna geðlækna í Reykjavík. Ísland.
- Daníel Þór Ólason, Sigríður Karen Bárudóttir og Sigurður J. Grétarsson (2005). Algengi spilafíknar meðal fullorðinna á Íslandi. Hjá Friðriki H. Jónssyni (ritstj.). *Ramsóknir í félagsvísindum V*, bls 645-656. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Háskólaútgáfan.
- Delfabbro, P., Lahn, J. og Grabosky, P. (2005). Further evidence concerning the prevalence of adolescent gambling and problem gambling in Australia: A study of the ACT. *International Gambling Studies*, 5, 209-228.
- Derevensky, J.L. og Gupta, R. (2007). Internet gambling amongst adolescents: A growing concern. *International Journal of Mental Health Addiction*, 5, 93-101.
- Dowling, N., Smith, D. og Thomas, T. (2005). Electronic gaming machines: Are they the 'crack-cocaine' of gambling? *Addiction*, 100, 33-45.
- Fisher, S. (1999). A prevalence study of gambling and problem gambling in British adolescents. *Addiction Research*, 7, 509-538.
- Griffiths, M. og Wood, R. T. A. (2004). Youth and technology: The case of gambling, video-game playing and the Internet. In J. Derevensky and R. Gupta (Eds.), *Gambling problems in youth: Theoretical and applied perspectives* (pp. 101–120). New York: Kluwer Academic/Plenum Publishers.
- Götestam, K. G. og Johansson, A. (2001). Characteristics of gambling and problematic gambling in the Norwegian context: A DSM-IV- based telephone interview study. *Addictive Behaviors*, 28, 189 – 197.
- IMG- Gallup (2000). *Viðhorfsrannsókn*. (Skýrsla). Reykjavík: Íslenskar markaðsrannsóknir.
- Jacobs, D.F. (2000). Juvenile gambling in North America: An analysis of long term trends and future prospects. *Journal of Gambling Studies*, 16, 119-152.
- Johanson, A. og Götestam, K.G. (2003). Gambling and problematic gambling with money among Norwegian youth (12-18 years). *Nordic Journal of Psychiatry*, 57, 317-321.
- Jonsson, J. (2006). An overview of prevalence surveys of problem and pathological gambling in the Nordic countries. *Journal of Gambling Issues*, 18, 31-38.

- Kolbrún Baldursdóttir, Daníel Þór Ólason, Sigurður J. Grétarsson, Ágústa Rakel Davíðsdóttir og Ása Margrét Sigurjónsdóttir (í ritskoðun). Peningaspil og algengi spilavanda meðal 16 til 18 ár framhaldsskólanemenda: Mat á áhættuþáttum. Sent til birtingar í *Sálfræðiritið*.
- Ladd, G.T. og Petry, N.M. (2002). Disordered gambling among university-based medical and dental patients: A focus on Internet gambling. *Psychology of Addictive Behaviors*, 16, 76-79.
- Lund, I. og Nordlund, S. (2003). *Pengespill og pengeproblemer i Norge*. (Skýrsla nr. 2/2003). Oslo: Statens institutt for rusmiddelforskning.
- Moodie, C. og Finnigan, F. (2006). Prevalence and correlates of youth gambling in Scotland. *Addiction Research and Theory*, 14, 365-385.
- National Research Council (NRC) (1999). *Pathological Gambling: A Critical Review*. Washington, DC: National Academy Press.
- Newcombe, R. G. (1998). Interval Estimation for the Difference Between Independent Proportions: Comparison of Eleven Methods. *Statistics in Medicine*, 17, 873-890.
- Ólason, D. T., Sigurdardóttir, K. J. og Smári, J. (2006). Prevalence estimates of gambling participation and problem gambling among 16 to 18 year old students in Iceland: A comparison of the SOGS-RA and DSM-IV-MR-J. *Journal of Gambling Studies*, 22, 23-39.
- Ólason, D. T., Skarphéðinsson, G. A., Jónsdóttir, J. E., Mikaelsson, M. og Grétarsson, S. J. (2006). Prevalence estimates of gambling and problem gambling among 13- to 15-year-old adolescents in Reykjavík: An examination of correlates of problem gambling and different accessibility to electronic gambling machines in Iceland. *Journal of Gambling Issues*, 18, 39-56.
- Ólason, D.T. og Grétarsson, S.J. (í prentun). Iceland. Í M. Griffiths, G. Meyer, og T. Hayer (Ritst.), *Problem Gambling in Europe: Extent and Preventive Efforts*. Springer: New York.
- Orford, J.; Sproston, K.; Erens, B.; White, C. og Mitchell, L. (2003). *Gambling and Problem Gambling in Britain*. Hove: Brunner-Routledge.
- Petry, N.M. (2006). Internet gambling: An emerging concern in family practice medicine? *Family Practice*, 23, 421-426.
- Productivity Commission. (1999). *Australia's gambling industries* (Report Nr. 10). Canberra, Australia: AusInfo.
- Raylu, N. og Oei, T. P. S. (2002). Pathological gambling: A comprehensive review. *Clinical Psychology Review*, 22, 1009-1061.
- Raylu, N. og Oei, T. P. S. (2002). Pathological gambling: A comprehensive review. *Clinical psychology review*, 22, 1009 – 1061.
- Rossov, I. og Hansen, M. (2003). *Underholdning med bismak: Ungdom og pengespill*. (Rannsóknarskýrsla nr. 1/03). Oslo: NOVA-Norwegian Social Research.
- Sévigny, S., Cloutier, M., Pelletier, M.F. og Ladouceur, R. (2005). Internet gambling: misleading payout rates during the “demo” period. *Computers in Human Behavior*, 21, 153-158.
- Shaffer, H. J. og Hall, M. N. (1996). Estimating the prevalence of adolescent gambling disorders: A quantitative synthesis and guide toward standard gambling nomenclature. *Journal of Gambling Studies*, 12, 193-214.
- Shaffer, H. J., Hall, M. og Vander Bilt, J. (1999). Estimating the prevalence of disordered gambling behaviour in the United States and Canada: A Meta-analysis. *American Journal of Public Health*, 89, 1369-1376.
- Tammi, T. (2007). Gambling problems in Finland. The Finnish gambling survey 2007. STAKES, 2007.
- Volberg, R. A., Abbott, M. W., Rönnerberg, S. og Munch, I. M. E. (2001). Prevalence and risks of pathological gambling in Sweden. *Acta Psychiatrica Scandinavia*, 104, 250-256.

- Volberg, R.A., Nysse-Carris, K.L. og Gerstein, D.R. (2006). 2006 California problem gambling prevalence survey. Rannsóknarskýrsla. California Department of Alcohol and Drug Programs; Office of Problem and Pathological Gambling.
- Wardle, H., Sproston, K., Orford, J., Erens, B., Griffiths, M., Constantine, R. og Pigott, S. (2007). British Gambling Prevalence Survey 2007. National Center for Social Research.
- Welte, J. W., Barnes, G. M., Wieczorek, W. F., Tidwell, M. C. og Parker, J. (2001). Alcohol and Gambling Pathology among U.S. Adults: Prevalence, Demographic Patterns and Comorbidity. *Journal of Studies on Alcohol*, 62, 706 – 712.
- Wood, T.A. og Griffiths, M.D. (1998). The acquisition, development and maintenance of lottery and scratchcard gambling in adolescence. *Journal of Adolescence*, 21, 265-273.
- Wood, R.T. og Williams, R.J. (2007). Problem gambling on the internet: implications for internet gambling policy in North America. *New Media og Society*, 9, 520-542.
- Øren, A og Bakken, I.J. (2007). Pengespill og pengespillproblem i Norge 2007 [Gambling and pathological gambling in Norway 2007]. Sintef-report, A3961.

## 6. Viðauki 1: Töflur

**Tafla A.** Heildarþátttaka í peningaspilum á Netinu eftir baksviðsbreytum

	Fjöldi	Ekki spilað peningaspil á Netinu	Spilað peningaspil á Netinu	Kíkvaðrat
		%	%	
<b>Kyn</b>				18,32***
Karlar	1445	82,3	17,7	
Konur	1559	87,9	12,1	
<b>Menntun</b>				1,38
Grunnskóli	731	86,2	13,8	
Framhaldsskóli	1225	85,1	14,9	
Háskóli	970	84,2	15,8	
<b>Aldursflokkar</b>				38,89***
18 – 25 ára	465	88,2	11,8	
26 – 40 ára	944	79,4	20,6	
41 – 55 ára	985	86,2	13,8	
56 – 70 ára	610	89,6	10,4	
<b>Hjúskaparstaða</b>				17,19**
Einhleyp/ur	586	89,2	10,8	
Hjónaband/sambúð	2149	83,8	16,2	
Fráskilin(n)	141	81,8	18,2	
Ekill/ekkja	46	97,6	2,4	
<b>Fjölskyldutekjur</b>				20,41***
Undir 250 þ.	437	90,3	9,7	
250-399 þ.	378	85,8	14,2	
400-549 þ.	447	82,6	17,4	
550 – milljón	686	80,7	19,3	
Milljón og meira	159	83,3	16,7	
<b>Búseta</b>				5,29
Reykjavík	1112	83,5	16,5	
Höfuðborgarsvæði	785	87,4	12,6	
Landsbyggðin	1107	84,9	15,1	

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ .

**Tafla B.** Heildarþátttaka í peningaspilum á innlendum vefsíðum eftir baksviðsbreytum

	Fjöldi	Ekki spilað peningaspil á innlendum vefsíðum %	Spilað peningaspil á innlendum vefsíðum %	Kíkvæðrat
<b>Kyn</b>				9,13**
Karlar	1445	84,3	15,7	
Konur	1559	88,2	11,8	
<b>Menntun</b>				2,79
Grunnskóli	731	87,7	12,3	
Framhaldsskóli	1225	86,5	13,5	
Háskóli	970	84,9	15,1	
<b>Aldursflokkar</b>				38,94***
18 – 25 ára	465	91,6	8,4	
26 – 40 ára	944	81,1	18,9	
41 – 55 ára	985	86,4	13,6	
56 – 70 ára	610	89,6	10,4	
<b>Hjúskaparstaða</b>				26,30***
Einhleyp/ur	586	91,8	8,2	
Hjónaband/sambúð	2149	84,6	15,4	
Fráskilin(n)	141	83,3	16,7	
Ekkill/ekkja	46	97,6	2,4	
<b>Fjölskyldutekjur</b>				29,71***
Undir 250 þ.	437	92,5	7,5	
250-399 þ.	378	87,9	12,1	
400-549 þ.	447	83,6	16,4	
550 – milljón	686	81,6	18,4	
Milljón og meira	159	84,6	15,4	
<b>Búseta</b>				6,91*
Reykjavík	1112	84,6	15,4	
Höfuðborgarsvæði	785	88,9	11,1	
Landsbyggðin	1107	85,9	14,1	

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ .

**Tafla C.** Heildarþátttaka í peningaspilum á erlendum vefsíðum eftir baksviðsbreytum

	Fjöldi	Ekki spilað peningaspil á erlendum vefsíðum %	Spilað peningaspil á erlendum vefsíðum %	Kíkvaðrat
<b>Kyn</b>				28,61***
Karlar	1445	97,2	2,8	
Konur	1559	99,7	0,3	
<b>Menntun</b>				2,44
Grunnskóli	731	98,5	1,5	
Framhaldsskóli	1225	98,0	2,0	
Háskóli	970	98,8	1,2	
<b>Aldursflokkar</b>				42,17***
18 – 25 ára	465	95,7	4,3	
26 – 40 ára	944	97,6	2,4	
41 – 55 ára	985	99,5	0,5	
56 – 70 ára	610	100,0	0,0	
<b>Hjúskaparstaða</b>				14,31 <sup>a</sup>
Einhleyp/ur	586	96,8	3,2	
Hjónaband/sambúð	2149	98,9	1,1	
Fráskilin(n)	141	98,5	1,5	
Ekkil/ekkjja	46	100,0	0,0	
<b>Fjölskyldutekjur</b>				5,54
Undir 250 þ.	437	96,9	3,1	
250-399 þ.	378	97,9	2,1	
400-549 þ.	447	98,4	1,6	
550 – milljón	686	98,7	1,3	
Milljón og meira	159	98,7	1,3	
<b>Búseta</b>				4,48
Reykjavík	1112	98,6	1,4	
Höfuðborgarsvæði	785	97,6	2,4	
Landsbyggðin	1107	98,7	1,3	

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ : <sup>a</sup> Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs.

**Tafla D.** Þátttaka í Lottó, flokka- og skafmiðahappdrætti eftir baksviðsbreytum

	Lottó á sölustöðum	Lottó á Netinu	Lottó í áskrift	Flokka- happdrætti	Skafmiðar
	%	%	%		
<b>Kyn</b>		**		***	
Karlar	40,4	7,9	7,8	23,5	18,9
Konur	39,5	5,5	8,3	31,6	18,0
<b>Menntun</b>	***			*	***
Grunnskóli	43,6	5,4	8,7	30,6	23,4
Framhaldsskóli	42,9	6,6	7,5	25,6	20,0
Háskóli	33,3	7,5	8,1	26,7	12,7
<b>Aldursflokkar</b>	***		***	***	***
18 – 25 ára	23,4	5,1	2,6	7,1	29,5
26 – 40 ára	39,7	8,4	10,5	21,2	16,9
41 – 55 ára	45,0	6,7	9,3	33,5	15,2
56 – 70 ára	46,7	5,8	6,5	45,9	16,9
<b>Hjúskaparstaða</b>	***	**	***	***	***
Einhleyp/ur	28,6	4,0	3,9	14,2	24,4
Hjónaband/sambúð	42,9	7,5	9,2	30,3	16,5
Fráskilin(n)	44,7	6,1	12,1	33,3	21,2
Ekill/ekkja	52,5	2,4	0,0	53,7	24,4
<b>Fjölskyldutekjur</b>	***	**	***	***	***
Undir 250 þ.	29,9	2,7	3,1	17,3	24,4
250-399 þ.	42,9	7,6	7,4	27,6	23,0
400-549 þ.	43,3	5,8	10,9	29,1	20,3
550 – milljón	46,0	8,8	10,4	29,8	17,2
Milljón og meira	31,4	9,0	10,9	34,0	9,6
<b>Búseta</b>	**	*			*
Reykjavík	39,3	8,3	9,3	26,2	18,9
Höfuðborgarsvæði	36,1	5,2	6,4	28,5	15,4
Landsbyggðin	43,2	6,2	7,8	27,9	18,5

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ .



**Tafla E.** Þátttaka í spilakössum, póker, netpóker og bingó eftir baksviðsbreytum

	Spilakassar	Póker með spilum	Netpóker	Bingó
	%	%	%	%
<b>Kyn</b>	***	***	***	
Karlar	16,9	14,1	2,1	5,3
Konur	4,6	1,8	0,3	5,3
<b>Menntun</b>	***			***
Grunnskóli	14,5	8,8	1,2	7,9
Framhaldsskóli	12,2	8,2	1,7	5,4
Háskóli	6,3	7,1	0,8	3,3
<b>Aldursflokkar</b>	***	***	***	***
18 – 25 ára	28,1	22,8	3,5	10,7
26 – 40 ára	13,0	11,6	1,8	4,3
41 – 55 ára	4,7	1,6	0,2	5,3
56 – 70 ára	2,8	0,4	0,0	2,3
<b>Hjúskaparstaða</b>	***	***	<sup>a</sup>	**
Einhleyp/ur	21,9	16,9	3,1	7,6
Hjónaband/sambúð	8,1	5,8	0,7	4,6
Fráskilin(n)	6,8	1,5	1,5	8,3
Ekkill/ekkja	0,0	0,0	0,0	0,0
<b>Fjölskyldutekjur</b>	***	***		**
Undir 250 þ.	19,7	15,3	2,7	8,8
250-399 þ.	12,9	9,8	2,1	6,1
400-549 þ.	10,2	6,7	1,3	6,9
550 – milljón	9,7	7,4	0,9	3,8
Milljón og meira	5,8	10,3	0,6	1,9
<b>Búseta</b>		***		**
Reykjavík	11,7	10,0	1,0	4,4
Höfuðborgarsvæði	9,6	8,6	1,5	3,9
Landsbyggðin	11,1	6,0	1,3	7,3

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ : <sup>a</sup> Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs.

**Tafla F.** Þátttaka í getraunum, Lengjunni og veðmál um eigin frammistöðu eftir baksviðsbreytum

	Getraunir (1x2) á sölustöðum	Getraunir á Netinu	Lengjan á sölustöðum	Lengjan á Netinu	Veðjað á eigin frammistöðu
	%	%	%	%	%
<b>Kyn</b>	***	***	***	***	***
Karlar	9,4	3,9	6,8	2,7	4,4
Konur	1,8	0,3	0,6	0,1	0,7
<b>Menntun</b>			*		
Grunnskóli	6,1	1,4	4,3	1,0	3,4
Framhaldsskóli	6,6	2,6	4,5	1,5	2,6
Háskóli	4,3	2,3	2,5	1,9	2,0
<b>Aldursflokkar</b>	***	***	***	**	***
18 – 25 ára	9,8	2,2	8,6	1,8	7,5
26 – 40 ára	5,8	3,8	4,7	2,5	2,8
41 – 55 ára	4,5	1,4	1,9	0,8	1,2
56 – 70 ára	4,2	0,7	1,1	0,7	0,4
<b>Hjúskaparstaða</b>		a	a	a	a
Einhleyp/ur	7,3	2,1	6,1	1,8	5,5
Hjónaband/sambúð	5,1	2,4	3,2	1,6	1,9
Fráskilin(n)	6,1	1,5	0,8	0,0	1,5
Ekill/ekkja	7,3	0,0	4,9	0,0	0,0
<b>Fjölskyldutekjur</b>					
Undir 250 þ.	6,2	1,5	5,5	1,5	4,9
250-399 þ.	6,6	0,8	3,9	0,5	2,1
400-549 þ.	6,0	2,4	2,9	1,6	3,6
550 – milljón	6,5	3,0	4,9	2,0	2,5
Milljón og meira	5,8	1,3	3,9	1,3	2,6
<b>Búseta</b>					
Reykjavík	5,4	1,8	3,6	1,2	3,0
Höfuðborgarsvæði	5,2	2,0	3,1	1,8	1,9
Landsbyggðin	5,8	2,2	4,4	1,6	2,7

\*  $p \leq 0.05$ ; \*\*  $p \leq 0.01$ ; \*\*\*  $p \leq 0.001$ : <sup>a</sup> Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktektarprófs

**Faraldsfræðileg rannsókn á  
þátttöku Íslendinga í peningaspilum  
2007**

### Kynningartexti fyrir þátttakendur

Gott kvöld/ góðan dag!

Ég heiti \_\_\_\_ og hringi frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Við erum að kanna þátttöku Íslendinga í peningaspilum eða happdrættum, en niðurstöður könnunarinnar munu koma að miklu gagni við að meta spilahegðun íslensku þjóðarinnar. Til að tryggja að niðurstöður verði sem áreiðanlegastar er mjög mikilvægt að flestir sjái sér fært að taka þátt í könnuninni. Nafn þitt kom upp í 5000 manna þjóðarúrtaki og bið ég þig vinsamlegast um leyfi til að fá að leggja fyrir þig nokkrar spurningar.

[SPYRLAR: *Ef spurt er um tímalengd skuluð þið segja að fjöldi spurninga sé nokkuð mismunandi milli þátttakenda en flestir ljúki henni á u.þ.b. 10-15 mínútum. Ef sagt er að viðkomandi spili engin peningaspil þá leggja áherslu á að það séu einnig mikilvægar upplýsingar og því mikilvægt að viðkomandi taki þátt, en könnunin verði þá mjög stutt]*

**Jákvætt svar við þátttöku :** *SPYRLAR: Halda áfram með kynningartexta fyrir þátttakendur hér að neðan.*

**Neikvætt svar** → *Spyrja:* Gætir þú hugsað þér að taka þátt í könnuninni ef ég hringdi á öðrum tíma?

**Ef já við nýjum tíma** → *Skrá dag og tíma:* \_\_\_\_\_

**Ef nei við nýjum tíma** → *Segja:* Ég þakka þá fyrir ómakið.

### Kynningartexti fyrir þátttakendur, frh.

Mér ber að benda þér á að farið verður með öll gögn sem trúnaðarmál og nafn þitt mun hvergi koma fram, hvorki á svarblaðinu né í úrvinnslu. Þú getur hætt könnuninni hvenær sem er og einnig valið að svara ekki einstökum spurningum. Það er þó mikilvægt að þú vitir að niðurstöður koma að mestu gagni ef þú reynir að svara öllum spurningunum eftir bestu getu, jafnvel þó þér finnst að þær hafi komið fram áður.

## Spilahegðun

Ég ætla að byrja á því að spyrja þig um þátttöku þína í ýmsum gerðum peningaspila á síðustu 12 mánuðum. Með orðinu peningaspil er ég að tala um öll spil, leiki eða happdrætti þar sem hægt er að vinna eða tapa peningum og tilviljun ræður miklu eða öllu um niðurstöðuna.

Vinsamlegast segðu mér hvort þú hefur spilað að minnsta kosti einu sinni í eftirtöldum peningaspilum **á síðastliðnum 12 mánuðum**. Svaraðu já eða nei við hverju peningaspili.

[SPYRLAR: Lesa upp lista og HAKA við þau peningaspil sem viðkomandi SEGIR JÁ VIÐ.]

Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum...

- <sup>1</sup> keypt miða í íslenska Lottóinu (5/38) eða Víkingalottó í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum eða öðrum sölustöðum (SP. 1A; bls. 5)
- <sup>1</sup> keypt miða í íslenska Lottóinu (5/38) eða Víkingalottó (**ekki áskriftarmiða**) á vefsíðu Íslenskrar getspár (SP. 2A; bls. 5)
- <sup>1</sup> keypt áskriftarmiða í íslenska Lottóinu (5/38) eða Víkingalottó á vefsíðu Íslenskrar getspár (SP. 3A; bls. 6)
- <sup>1</sup> spilað í spilakassa í spilasölum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum, vínveitingastöðum eða annars staðar þar sem slíkir kassar eru staðsettir (SP. 4A; bls. 6)
- <sup>1</sup> spilað í spilakassa á erlendum vefsíðum á Internetinu og lagt undir eigið fé [Áhersla á að fólk hafi spilað fyrir eigin peninga, ekki leikið í spilakassa á Netinu fyrir gjafafé/platpeninga] (SP. 5A; bls. 8)
- <sup>1</sup> keypt skafmiða, t.d. happþrennu eða launamiða í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum, sjálfsölum eða öðrum sölustöðum (SP. 6A; bls. 9)
- <sup>1</sup> keypt skafmiða á erlendum vefsíðum á Internetinu (SP. 7A; bls. 10)
- <sup>1</sup> keypt seðil í fótboltagetraunum (1x2) Íslenskra getrauna þar sem giskað er m.a. á úrslit í enska fótboltanum í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum, íþróttafélögum eða öðrum sölustöðum (SP. 8A; bls. 11)
- <sup>1</sup> keypt rafrænan seðil í fótboltagetraunum (1x2) á heimasíðu Íslenskra getrauna þar sem giskað er m.a. á úrslit í enska fótboltanum (SP. 9A; bls. 12)
- <sup>1</sup> keypt seðil í Lengjunn, þar sem giskað er á úrslit íþróttakappleikja, t.d. í fótbolta, handbolta, golfi, kappakstri o.s.frv. í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum, íþróttafélögum eða öðrum sölustöðum (SP. 10A; bls. 13)
- <sup>1</sup> keypt rafrænan seðil í Lengjunn (1x2) á heimasíðu Íslenskra getrauna þar sem giskað er á úrslit íþróttakappleikja, t.d. í fótbolta, handbolta, golfi og kappakstri (SP. 11A; bls. 14)
- <sup>1</sup> spilað í „Tippað í beinni“ á heimasíðu Íslenskra getrauna þar sem veðjað er á úrslit íþróttakappleikja á meðan á íþróttakappleikjum stendur (SP. 12A; bls. 15)
- <sup>1</sup> veðjað á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum á Internetinu, t.d. í fótbolta, handbolta, golfi, kappakstri, veðreiðum o.s.frv. (SP. 13A; bls. 16)
- <sup>1</sup> spilað í flokkahappdrætti Háskóla Íslands, SÍBS eða DAS? (SP. 14A; bls. 17)
- <sup>1</sup> lagt peninga undir í **póker (spilað á spil)** með vinum, starfsfélögum, spilafélögum eða fjölskyldu, annars staðar en í spilavítum (SP. 15A; bls. 18)
- <sup>1</sup> lagt peninga undir í **netpóker** á erlendum vefsíðum á Internetinu (SP. 16A; bls. 19)
- <sup>1</sup> lagt peninga undir í **bridge, vist eða öðrum borðspilum fyrir utan póker** með vinum, starfsfélögum, spilafélögum eða fjölskyldu, (SP. 17A; bls. 20)

- <sup>1</sup> veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt, t.d. snóker, golfi, keilu o.s.frv. (SP. 18A; bls. 21)
- <sup>1</sup> spilað **bingó** með peningaverðlaunum eða öðrum verðmætum (SP. 19A; bls. 21)
- <sup>1</sup> lagt peninga undir í leynilegu spilavíti á Íslandi, t.d. í póker, rúllettu, 21 (Blackjack) eða öðru (SP. 20A; bls. 22)
- <sup>1</sup> lagt peninga undir í öðrum peningaspilum á erlendum vefsíðum á Internetinu t.d í 21 (Blackjack), rúllettu, bingó, Keno, Baccarat eða öðrum tegundum peningaspila á Internetinu (SP. 22A; bls. 23)
- <sup>9</sup> **Hefur ekki spilað nein peningaspil á síðastliðnum 12 mánuðum** [SPYRLAR: Ekki lesa upp!]

[SPYRLAR: Ef viðmælandi hefur **ekki** spilað nein peningaspil þá á að spyrja næst spurningar nr. x á bls. x. Fyrir alla aðra skal lesa kynningartextann hér að neðan og því næst spyrja ítarlega um öll þau peningaspil sem merkt var við. Sjá númer spurninga fyrir aftan hvern lið.]

Nú langar mig til að spyrja þig ítarlegar um þau peningaspil sem þú hefur spilað á <u>síðastliðnum 12 mánuðum</u> . Byrjum á _____.
---

[SPYRLAR: Fara í texta fyrir viðeigandi spurningu.]

**1a)** Hve oft hefur þú keypt miða í íslenska Lottóinu (5/38) eða Víkingalottó í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum eða öðrum sölustöðum á síðastliðnum 12 mánuðum? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[SPYRLAR: *Lesið svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Daglega
- <sup>2</sup> Þrisvar til sex sinnum í viku
- <sup>3</sup> Einu sinni til tvisvar í viku
- <sup>4</sup> Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- <sup>5</sup> Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- <sup>8</sup> Veit ekki [SPYRLAR: *EKKI lesa upp!*]
- <sup>9</sup> Neitar að svara [SPYRLAR: *EKKI lesa upp!*]

**1b)** Hvað eyddir þú venjulega miklum peningum í hvert skipti sem þú keyptir lottómiða á þessum stöðum á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ \_\_\_\_\_ krónum

- <sup>8</sup> Veit ekki
- <sup>9</sup> Neitar að svara

**1c)** Hver er hæsta upphæð sem þú hefur eytt í lottómiða á einum degi á þessum stöðum á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ \_\_\_\_\_ krónur

- <sup>8</sup> Veit ekki
- <sup>9</sup> Neitar að svara

**2a)** Hve oft hefur þú keypt miða [ekki áskriftarmiða] í íslenska Lottóinu (5/38) eða Víkingalottó á vefsíðu Íslenskrar getspar á síðastliðnum 12 mánuðum? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[SPYRLAR: *Lesið svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Daglega
- <sup>2</sup> Þrisvar til sex sinnum í viku
- <sup>3</sup> Einu sinni til tvisvar í viku
- <sup>4</sup> Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- <sup>5</sup> Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- <sup>8</sup> Veit ekki [SPYRLAR: *EKKI lesa upp!*]
- <sup>9</sup> Neitar að svara [SPYRLAR: *EKKI lesa upp!*]

**2b)** Hvað eyddir þú venjulega miklum peningum í hvert skipti sem þú keyptir lottómiða á vefsíðu Íslenskrar getspar á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ \_\_\_\_\_ krónum

- <sup>8</sup> Veit ekki
- <sup>9</sup> Neitar að svara

2c) Hver er hæsta upphæð sem þú hefur eytt í lottómiða keyptan á vefsíðu Íslenskrar getspár á einum degi á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ \_\_\_\_\_ krónum

- <sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

3a) Hvað borgaðir þú í hverjum mánuði fyrir áskrift þína að miða í Lottó 5/38 eða Víkingalottó á vefsíðu Íslenskrar getspár á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ \_\_\_\_\_ krónur

- <sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

4a) Hve oft hefur þú spilað í spilakössum á síðustu 12 mánuðum? Hér er átt við allar tegundir spilakassa, hvort sem þeir eru í spilasölum, söluturnum, myndbandaleigum, vínveitingastöðum eða annars staðar þar sem slíkir kassar eru staðsettir. Myndir þú segja að það væri u.þ.b. [SPYRLAR: *Lesu svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Daglega  
<sup>2</sup> Þrisvar til sex sinnum í viku  
<sup>3</sup> Einu sinni til tvisvar í viku  
<sup>4</sup> Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði  
<sup>5</sup> Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)  
<sup>8</sup> Veit ekki [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]  
<sup>9</sup> Neitar að svara [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]

4b) Hvað eyddir þú venjulega miklum peningum í hvert skipti sem þú spilaðir í spilakassa á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ \_\_\_\_\_ krónum

- <sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

4c) Hver er hæsta upphæð sem þú hefur eytt í spilakassa á einum degi síðustu 12 mánuði (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ \_\_\_\_\_ krónur

- <sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

4d) Gróflega áætlað, hversu lengi spilaðir þú í hvert sinn sem þú spilaðir í spilakassa á síðustu 12 mánuðum [spyrlar: *ef mínútur, þá setja inn 0 fyrir klukku tíma*]?

≈ \_\_\_\_\_ klukku tíma

- <sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara



Nú langar mig til að spyrja þig aðeins nánar um hvar þú spilar helst þegar þú spilar í spilakössum.

4e) Hversu oft spilar þú í spilakössum sem eru í söluturnum, á bensínstöðvum, skyndibitastöðum eða myndbandaleigum (svokallaðir lukkuskjáir eða rauðakrosskassar)? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[SPYRLAR: *Lesaðu svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Daglega
- <sup>2</sup> Þrisvar til sex sinnum í viku
- <sup>3</sup> Einu sinni til tvisvar í viku
- <sup>4</sup> Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- <sup>5</sup> Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- <sup>6</sup> Aldrei
- <sup>8</sup> Veit ekki [SPYRLAR: *EKKI lesaðu upp!*]
- <sup>9</sup> Neitar að svara [SPYRLAR: *EKKI lesaðu upp!*]

4f) Hversu oft spilar þú í spilakössum sem eru í spilasölum (þar sem hægt er að spila í gullnámu- eða gullregnskössum)? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[SPYRLAR: *Lesaðu svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Daglega
- <sup>2</sup> Þrisvar til sex sinnum í viku
- <sup>3</sup> Einu sinni til tvisvar í viku
- <sup>4</sup> Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- <sup>5</sup> Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- <sup>6</sup> Aldrei
- <sup>8</sup> Veit ekki [SPYRLAR: *EKKI lesaðu upp!*]
- <sup>9</sup> Neitar að svara [SPYRLAR: *EKKI lesaðu upp!*]

4g) Hversu oft spilar þú í spilakössum sem eru á vínveitingastöðum (krám, veitingahúsum)? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[SPYRLAR: *Lesaðu svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Daglega
- <sup>2</sup> Þrisvar til sex sinnum í viku
- <sup>3</sup> Einu sinni til tvisvar í viku
- <sup>4</sup> Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- <sup>5</sup> Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- <sup>6</sup> Aldrei
- <sup>8</sup> Veit ekki [SPYRLAR: *EKKI lesaðu upp!*]
- <sup>9</sup> Neitar að svara [SPYRLAR: *EKKI lesaðu upp!*]

5a) Hve oft hefur þú spilað í spilakössum á erlendum vefsíðum á Internetinu á síðustu 12 mánuðum? Myndir þú segja að það væri u.þ.b..[SPYRLAR: *Lesaðu svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Daglega
- <sup>2</sup> Þrisvar til sex sinnum í viku
- <sup>3</sup> Einu sinni til tvisvar í viku
- <sup>4</sup> Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- <sup>5</sup> Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- <sup>8</sup> Veit ekki [SPYRLAR: *EKKI lesaðu upp!*]
- <sup>9</sup> Neitar að svara [SPYRLAR: *EKKI lesaðu upp!*]

5b) Hvað eyddir þú venjulega miklum peningum í hvert skipti sem þú spilaðir í spilakassa á erlendum vefsíðum á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ \_\_\_\_\_ krónum

- <sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

5c) Hver er hæsta upphæð sem þú hefur eytt í spilakassa á erlendri vefsíðu á einum degi síðustu 12 mánuði (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ \_\_\_\_\_ krónur

- <sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

5d) Gróflega áætlað, hversu lengi spilaðir þú í hvert sinn sem þú spilaðir í spilakassa á Internetinu á síðustu 12 mánuðum [*spyrlar: ef mínútur, þá setja inn 0 fyrir klukkutíma*)?

≈ \_\_\_\_\_ klukkutíma

- <sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

5e) Þegar þú spilar í spilakassa á Internetinu, hvar spilar þú helst ....[*SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!*]?

- <sup>1</sup> Á heimili  
<sup>2</sup> Á vinnustað eða skóla  
<sup>3</sup> Á kaffihúsi eða vínveitingastað  
<sup>4</sup> Annars staðar, hvar? \_\_\_\_\_  
<sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

5f) Þegar þú spilar í spilakassa á Internetinu, á hvaða tíma sólarhrings spilar þú helst ....[*SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Á morgnana, frá kl. 06 til 12  
<sup>2</sup> Eftir hádegið, frá kl. 12 til 18  
<sup>3</sup> Á kvöldin, frá kl. 18 til 24  
<sup>4</sup> Á næturnar, frá kl. 24 til 06  
<sup>5</sup> Engin regla, spila á öllum tímum sólarhringsins  
<sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

5g) Þegar þú spilar í spilakassa á Internetinu, á hvaða vefsíðum spilar þú mest [*spyrlar: Fáðið fram veffang spilasíðu, eða heiti internetfyrirtækis*]?

Heiti vefsíða: \_\_\_\_\_

6a) Hve oft keyptir þú þér skafmiða, t.d. Happaþrennu eða Launamiða í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensinstöðvum, sjálfstöðum eða öðrum sölustöðum á síðustu 12 mánuðum? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[ *SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Daglega
- <sup>2</sup> Þrisvar til sex sinnum í viku
- <sup>3</sup> Einu sinni til tvisvar í viku
- <sup>4</sup> Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- <sup>5</sup> Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- <sup>8</sup> Veit ekki [*SPYRLAR: Ekki lesa upp!*]
- <sup>9</sup> Neitar að svara [*SPYRLAR: Ekki lesa upp!*]

6b) Hvað eyddir þú venjulega miklum peningum í hvert skipti sem þú keyptir skafmiða á þessum stöðum á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ \_\_\_\_\_ krónum

- <sup>8</sup> Veit ekki
- <sup>9</sup> Neitar að svara

6c) Hver er hæsta upphæð sem þú hefur eytt í kaup á skafmiðum á þessum stöðum á einum degi á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða af skafmiðunum)?

≈ \_\_\_\_\_ krónur

- <sup>8</sup> Veit ekki
- <sup>9</sup> Neitar að svara

7a) Hve oft keyptir þú þér skafmiða á erlendum vefsíðum á Internetinu? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[ *SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Daglega
- <sup>2</sup> Þrisvar til sex sinnum í viku
- <sup>3</sup> Einu sinni til tvisvar í viku
- <sup>4</sup> Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- <sup>5</sup> Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- <sup>8</sup> Veit ekki [*SPYRLAR: Ekki lesa upp!*]
- <sup>9</sup> Neitar að svara [*SPYRLAR: Ekki lesa upp!*]

7b) Hvað eyddir þú venjulega miklum peningum í hvert skipti sem þú keyptir skafmiða á erlendum vefsíðum á Internetinu á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ \_\_\_\_\_ krónum

- <sup>8</sup> Veit ekki
- <sup>9</sup> Neitar að svara

7c) Hver er hæsta upphæð sem þú hefur eytt í kaup á skafmiðum á erlendum vefsíðum á Internetinu á einum degi á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða af skafmiðunum)?

≈ \_\_\_\_\_ krónur

- <sup>8</sup> Veit ekki
- <sup>9</sup> Neitar að svara

7d) Gróflega áætlað, hversu lengi spilaðir þú í hvert sinn sem þú keyptir skafmiða á Internetinu á síðustu 12 mánuðum [*spyrlar: ef mínútur, þá setja inn 0 fyrir klukkutíma*)?

≈ \_\_\_\_\_ klukkutíma

- <sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

7e) Þegar þú kaupir skafmiða á erlendum vefsíðum, hvar spilar þú helst ....[*SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Á heimili  
<sup>2</sup> Á vinnustað eða skóla  
<sup>3</sup> Á kaffihúsi eða vínveitingastað  
<sup>4</sup> Annars staðar, hvar? \_\_\_\_\_  
<sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

7f) Þegar þú kaupir skafmiða á erlendum vefsíðum, á hvaða tíma sólarhrings spilar þú helst ....[*SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Á morgnana, frá kl. 06 til 12  
<sup>2</sup> Eftir hádegið, frá kl. 12 til 18  
<sup>3</sup> Á kvöldin, frá kl. 18 til 24  
<sup>4</sup> Á næturnar, frá kl. 24 til 06  
<sup>5</sup> Engin regla, spila á öllum tímum sólarhringsins  
<sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

7g) Þegar þú kaupir skafmiða á Internetinu, á hvaða vefsíðum kaupir þú skafmiða oftast [*spyrlar: Fáid fram veffang spilasiðu, eða heiti internetfyrirtækis*]

Heiti vefsíða: \_\_\_\_\_

8a) Hve oft keyptir þú seðil í fótboltagetraunum (1x2) Íslenskra getrauna í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensinstöðvum, íþróttafélögum eða öðrum sölustöðum á síðustu 12 mánuðum? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[*SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!*]

- <sup>1</sup> Daglega  
<sup>2</sup> Þrisvar til sex sinnum í viku  
<sup>3</sup> Einu sinni til tvisvar í viku  
<sup>4</sup> Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði  
<sup>5</sup> Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)  
<sup>8</sup> Veit ekki [*SPYRLAR: Ekki lesa upp!*]  
<sup>9</sup> Neitar að svara [*SPYRLAR: Ekki lesa upp!*]

8b) Hvað eyddir þú venjulega miklum peningum í hvert skipti sem þú keyptir seðil í fótboltagetraunum (1x2) Íslenskra getrauna á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ \_\_\_\_\_ krónum

- <sup>8</sup> Veit ekki  
<sup>9</sup> Neitar að svara

